



**Japanskar konur í japönsku samfélagi**  
Sögulegt samhengi, menntun, stjórnmal og atvinnulíf

Sigríður Gisela Stefánsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Febrúar 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Japanskar konur í japönsku samfélagi**  
***Sögulegt samhengi, menntun, stjórnmal og atvinnulif***

Sigríður Gisela Stefánsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði  
Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir

Stjórnmálafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Febrúar 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sigríður Gisela Stefánsdóttir 2014  
230989-2659

Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að sýna á sem skýrastan máta hvernig japanskar konur lifa í japönsku nútímasamfélagi. Í áratugi og árhundruð hafa þarlendur konur þurft að búa við kúgun af hálfu japanskra karlmannna. Japanskt samfélag hefur þó verið að sækja í sig veðrið og telst nú til stórveldis í nútímasamfélagi. Því er vert að spyrja hvort að staða kvenna hafi batnað með bættu ástandi samfélagsins sjálfs. Ég mun nota kenningar tveggja kennismiða við skrif þessarar ritgerðar. Þeir eru Sylvia Walby og Carole Pateman. Þá mun ég nota kenningar þeirra og heimfæra þær yfir á þau fjögur meginvið japansks samfélags sem ritgerðin fjallar um, menntun, stjórnmal, atvinnulíf og stöðu kvenna innan samfélagsins, til að sjá hvort staða kvenna hafi breyst til hins betra. Helstu niðurstöður eru að þrátt fyrir stöðuga baráttu kvenna til að bæta stöðu sína innan samfélagsins þá eru hin úreltu karllægu viðmið innan þess enn í fullu gildi og ekki er að sjá að mikil breyting verði þar á í nánustu framtíð.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í stjórnmálafræðideild við Háskóla Íslands. Ritgerðin vegur 12 einingar af 180 og var hún unnin undir leiðsögn Gyðu Margrétar Pétursdóttur en henni vil ég þakka sérstaklega fyrir góð ráð varðandi ritgerðarefnið sem og góða leiðsögn. Þá vil ég einnig þakka Ólafíu Láru Lárusdóttur og foreldrum mínum fyrir yfirlestur og ýmis góð ráð.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	6
2. Kenningakafli .....	7
3. Japanskar konur í japönsku samfélagi.....	16
4. Menntun og stjórnmal .....	23
5. Atvinnulif .....	30
6. Lokaorð .....	38
Heimildaskrá.....	40

## 1. Inngangur

Þegar ég hóf nám við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands árið 2010 hefði ég síður búið við því að lokaritgerðin mín myndi fjalla um Japan og japanskt samfélag. Sú hugsun breyttist hins vegar þegar ég fór í skiptináám til Englands skólaárið 2012 til 2013. Þar kynntist ég mörgu góðu fólki en þar af voru margir frá Asíu og þá aðallega Japan. Hugmyndin að ritgerðarefninu kviknaði þegar ég var boðin í japanskt party en þegar ég leit yfir hópinn sá ég greinilegan mun á hegðun japönsku stelpnanna miðað við strákana. Fannst mér hegðun stelpnanna einnig um margt frábrugðin minni eigin og því sem almennt viðgengst á Vesturlöndum. Meðan strákarnir voru mjög líflegir og hlógu dátt þá héldu stelpurnar fremur aftur af sér. Það sem mér fannst einnig mjög áhugavert var að í hvert skipti sem að stelpurnar fóru að hlægja þá gripu þær fyrir munninn. Þetta var eitthvað sem ég átti ekki að venjast og fór því að velta fyrir mér hvort þetta væri eitthvað samfélagslegt þar sem að ég hafði aldrei séð þessa hegðun áður meðal kvenna á Vesturlöndum. Því fannst mér vert að skoða hvort að gömlu gildin, sem Vesturlandabúar hafa oftast í huga þegar hugsað er um japanskt samfélag, séu enn í gildi. Er hinu japanska samfélagi stjórnað af körlum, eru konur undirgefnar, hafa þær einhver tækifæri til að skapa sér nafn innan samfélagsins eða er þeirra staður inni á heimilinu að hugsa um fjölskylduna.

Ritgerðin leitast því við að rannsaka stöðu kvenna í nútíma japönsku samfélagi. Eiga gamlar „klisjur“ um stöðu kvenna enn við rök að styðjast eða hefur staða þeirra breyst vegna aukinnar menntunar fólks í Japan, nýrrar lagasetningar og aukinna réttinda.

Ritgerðinni er skipt í sex kafla. Fyrsti kafli er inngangur en í öðrum kafla verður fjallað um tvær kenningar Sylvíu Walby um kynjakerfið og um samningskenningar Pateman um mismunandi stöðu og hlutverk kynjanna innan samfélagsins. Höfundar kenninganna láta allir þá skoðun sína í ljós að konur séu almennt verr settar en karlar innan samfélaga og að karlveldi ríki. Þriðji kafli fjallar um japanskar konur í japönsku samfélagi. Þar er fjallað almennt um stöðu kvenna, hún skoðuð í sögulegu samhengi og hver hún er í hinu nútímalega samfélagi. Fjórði kafli fjallar um menntun og stjórn málaþátttöku kvenna í Japan. Rætt er um upphaf skólakerfisins og sagt frá uppbyggingu kerfisins. Þá er einnig fjallað stuttlega um stjórn mála og þátttöku kvenna í þeim. Í fimmta kafla er talað um japanskar konur og atvinnulíf. Litið er á konur innan fyrirtækja, stöðu þeirra og hversu mikla möguleika þær eiga miðað við menntun og viðhorf yfirmanna með að komast í góðar stöður. Ritgerðinni lýkur með stuttri samantekt í sjötta kafla.

## 2. Kenningakafli

Breski félagsfræðingurinn Sylvia Walby rannsakar félagsleg yfirráðakerfi, ekki einstaklinga innan þess, en í kenningum hennar kemur fram að karlar njóti góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna. Þetta kerfi er kallað kynjakerfi og er oft samofið öðrum valdakerfum svo sem kynþáttakúgun og stéttaskiptingu. Walby tekur fram að kynjakerfi geta verið af tvennum toga, annars vegar sé það kynjakerfi einkasviðsins og hins vegar kynjakerfi opinbera sviðsins. Kynjakerfi einkasviðsins snýr að því sem á sér stað innan veggja heimilisins en kynjakerfi opinbera sviðsins snýr að því sem gerist í samfélaginu. Hafa ber þó í huga að kynjakerfi opinbera sviðsins kveður ekki á um að konur séu útilokaðar frá opinberri þátttöku. Hún felur hins vegar í sér þá skýringu að yfirráð karla innan samfélagsins í heild byggji á aðskilnaði og undirskipun kvenna<sup>1</sup>.

Kynjakerfið væri ekki til staðar ef ekki væri fyrir sex megin svið sem bera það uppi. Þau eru atvinnulíf, fjölskylda/heimili, kynverund, ofbeldi, ríkisvald og að lokum menning. Walby telur að sviðin sex geti haft áhrif hvert á annað þó svo að hvert fyrir sig séu þau fræðilega aðgreind. Öll þessi svið eru uppspretta yfirráða en eru þó mismunandi sterk á mismunandi tímum og stöðum<sup>2</sup>. Fræðileg flokkun þessara sex meginstoða samfélagsins gerir ráð fyrir að kynjakerfi hvíli djúpt í félagslegum formgerðum sem eru svo borin uppi af margvíslegum félagslegum athöfnum og samskiptatengslum<sup>3</sup>. Þau svið sem aðallega verða skoðuð í ritgerðinni eru staða japanskra kvenna innan hins japanska samfélags, menntun og stjórn má, hvernig konum farnast á vinnumarkaði sem og aðrir þættir er tengjast málefnum.

Ráðandi kenningar um atvinnulíf og vinnumarkaðsfræði voru lengi vel í anda nýklassískrar hagfræði. Þær kenningar gera ráð fyrir að lögmál markaðarins gildi í stórum dráttum en kynjaskipting starfa, mismunandi menntun einstaklinga, vinnutími og frami þeirra sé hins vegar til kominn vegna skynsamlegs vals (e. rational choice) þeirra. Að auki telur lögmál markaðarins að kynbundið misrétti jafnist út þegar menntun, starfsreynsla og persónulegir hæfnisþættir verði hinir sömu hjá báðum kynjum. Walby gagnrýnir lögmál

---

<sup>1</sup> Þorgerður Einarsdóttir. „Kynjakerfið Úrelding í auglýning eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknnum í Félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, 445 – 456, (Reykjavík; Félagsvísindastofnun, 2006) 445-446

<sup>2</sup> Þorgerður Einarsdóttir. „Kynjakerfið Úrelding í auglýning eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknnum í Félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, 445 – 456, (Reykjavík; Félagsvísindastofnun, 2006) 453

<sup>3</sup> Þorgerður Einarsdóttir. „Kynjakerfið Úrelding í auglýning eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknnum í Félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, 445 – 456, (Reykjavík; Félagsvísindastofnun, 2006) 446



markaðarins en hvað atvinnuþátttöku kvenna varðar þá dregur Walby í efa að hún hafi í gegnum tíðina ráðist af menningarlegum og hugmyndafræðilegum þáttum. Walby telur að atvinnuþátttakan sé samfélagsleg. Þá ber einnig að hafa í huga, varðandi þessa skoðun Walby, að fræðimenn hafa sýnt fram á að náin tengsl eru milli einkalífs og atvinnulífs og þess hvernig ráðandi vinnumenning er sniðin að þeim einstaklingum samfélagsins sem ekki þurfa að axla fjölskylduábyrgð<sup>4</sup>.

Hvað varðar menningarlega þætti þá voru þær félagsmótunarkenningar sem véfengdu eðlishyggju lengi vel ráðandi. Hugmyndir þeirra um kynjamun gerði ráð fyrir óvirkri mótun í hlutverk kvenna annars vegar og karla hins vegar. Þessum félagsmótunarkenningum yfirsást því að kven- og karlhlutverkin eru ekki samhverfur þar sem allir einstaklingar eru á jafnháum stéttastalli. Kenningunni mistókst því að koma auga á mismuninn í hlutverki kynjanna sem hvílir í valdatengslum þar sem hið karllæga er yfirskipað hinu kvenlæga. Dæmi um þennan menningarlega mismun á hlutverki kynja er húsmóðurhlutverk kvenna á sviði einkalífsins sem kallast á við hlutverk karla sem fyrirvinnu heimilsins og höfuð fjölskyldunnar á sviði hins opinbera samfélags. Karlar eru í æðri stéttastöðum heldur en konur og eru ímynd hinnar sönnu karlmennsku<sup>5</sup>.

Því hefur verið haldið fram að uppspretta yfirráðakerfisins liggja í kynferði kvenna og kynverund. Í gegnum tíðina hefur verið lögð áhersla á að hafa góða stjórn á kynferði kvenna, til dæmis með því að takmarka kynlíf fyrir hjónaband, en þessi hugsun hefur að mörgu leyti vikið fyrir kynfrelsi kvenna nú í dag. Kenningar um félagslega sköpun kynverundar renna stoðum undir þann grun að karlveldið hafi verið og sé enn til þó í minna mæli sé. Karlveldið er talið byggjast, samkvæmt kenningunni, á kynferðislegum yfirráðum karla<sup>6</sup>.

Þó svo að mun minni yfirráða gæti af hálfu karla eru enn atvik sem eiga sér stað innan samfélaga sem gefa í skyn og minna á fyrrum yfirráð karla og karlveldið. Walby kastar fram þeirri tilgátu að aukinn fjöldi nauðgana geti stafað af ávinningi kvenna á opinbera sviðinu, svo sem í atvinnulífi og stjórnámálum. Yfirráðakerfið bæti sér upp á sviði kynferðis því sem

---

<sup>4</sup> Þorgerður Einarsdóttir. „Kynjakerfið Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknnum í Félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, 445 – 456, (Reykjavík; Félagsvísindastofnun, 2006) 447-448

<sup>5</sup> Þorgerður Einarsdóttir. „Kynjakerfið Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknnum í Félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, 445 – 456, (Reykjavík; Félagsvísindastofnun, 2006) 449-450

<sup>6</sup> Þorgerður Einarsdóttir. „Kynjakerfið Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknnum í Félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, 445 – 456, (Reykjavík; Félagsvísindastofnun, 2006) 451

hefur tapast á öðrum sviðum<sup>7</sup>. Hafa ber í huga að kynjakerfið, sem byggir á yfirráðum karla, er enn við lýði í þó nokkrum löndum í heiminum og líttill framgangur hefur orðið þar á stöðu kvenna. Walby gagnrýnir ekki aðeins yfirráðakerfi karla og undirokun kvenna í gegnum tíðina heldur minnst hún einnig á að kenningar eigi það til að vera gallaðar. Tekur hún þar fyrir flestar kenningar um ríkisvaldið og segir þær gallaðar þar sem þær horfi fram hjá þýðingu kynsins. Skilja verði hvað kyn er til að ná fullkomnum skilningi á aðskilnaði kynjanna og undirokun kvenna<sup>8</sup>.

Einn angi kenninga Walby teygir sig í átt að rannsókn sem prófessor Hochschild við Háskólann í Kaliforníu setti fram árið 1989. Hochschild tók viðtöl við fimmtíu pör og fylgdist nánar með hegðun tuttugu þeirra inni á heimilum þeirra. Kynjahlutfallið var því fimmtíu konur og fimmtíu karlar og var tilgangurinn með rannsókninni að meta hvernig húsverkin skiptast á milli kynjanna inni á heimilinu. Hún talar sérstaklega um fyrirmyndarhjónin Greg og Carol. Greg er í fullri vinnu en Carol í hlutastarfi og kemur því fyrr heim og hugsar þá um börnin. Að sama skapi sér hún oftast um innkaupin, að elda matinn og þvo þvott. Telur Hochschild það vera áhugavert að þessi hjón telji sig skipta húsverkum jafnt þar sem að Carol sér um kvenlægari störfin meðan Greg sér meira um karllægari störf svo sem að borga reikninga og sjá um viðhald. Áberandi mótsögn felst í skoðun Carol og Greg á skiptingu húsverka þar sem þau telja sig vera að deila þeim jafnt á meðan Carol ber meginþungann af þeim. Af öllum þeim pörum sem var Hochschild tók viðtal við þá trúðu 40% kvenna og um 75% karla að kynin ættu ekki að deila húsverkum á milli sín<sup>9</sup>.

Annar fræðingur á sviði kynjafræðinnar, Carole Pateman, talar mikið um frelsi einstaklinga og hvers vegna frelsi kvenna sé ekki til jafns á við það frelsi sem karlmenn eiga að venjast. Hún byggir rannsóknir sínar á kenningum og notar hugtakið samningar (e. contracts) til að fjalla um ólíka samfélagslega stöðu kynjanna. Þessir samningar byggja á hugmyndum um ólík hlutverk karla og kvenna innan samfélaga. Samningarnir segja til um hver samfélagsskipan er hverju sinni en hver nýr samningur gerir grein fyrir ólíkum sviðum innan samfélagsins og hvernig skiptingunni milli kynjanna er háttað á því sviði. Þá hefur Pateman í skrifum sínum gagnrýnt hugmyndir fyrrum samningsfræðimanna en nokkrar af

---

<sup>7</sup> Þorgerður Einarsdóttir. „Kynjakerfið Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknnum í Félagsvísindum VII*, ritstjóri Úlfar Hauksson, 445 – 456, (Reykjavík; Félagsvísindastofnun, 2006) 452

<sup>8</sup> Þorgerður Einarsdóttir. „Kynjakerfið Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknnum í Félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, 445 – 456, (Reykjavík; Félagsvísindastofnun, 2006) 453

<sup>9</sup> Hochschild, Arlie Russell. 2003. *The Second Shift*. XV, XVIII, 5, 153 – 154, 159 – 161

þeirra hugmyndum verða ræddar hér á eftir. Pateman er ekki sammála því karllæga innan samfélagsins og finnst samningar einblína helst til mikið á karlmenn. Samkvæmt kenningunni um félagslega samninga (e. the social contract theory) þá eru tvær ástæður fyrir mun á frelsi karla og kvenna. Í fyrsta lagi sé það vegna þess að þeir einstaklingar í ríki sem eru alla jafna líkamlega veikari skipti á frelsi sínu og hljóti þess í stað vernd. Í skrifum sínum á 18. öld útskýrði franskur heimspekingurinn Rousseau frelsi kvenna á þann hátt að það breyttist í hlýðni við karla sem fékkst í skiptum fyrir vernd<sup>10</sup>. Í öðru lagi er það hinn föðurlegi réttur sem karlar hafa yfir fjölskyldum sínum sem gengur svo í erfðir. Þessi spurning um frelsi kvenna spinnur út frá sér og vefur sig inn í önnur svið samninga svo sem í hinn kynbundna samning (e. sexual contract) sem fjallar nánar um undirokun og kúgun kvenna. Þessir samningar eru taldir vera sá grunnur sem „nú tíma“ feðraveldi reiðir sig á, ef það er í raun til. Frelsi sé því í grunninn tákn karlmennskunnar sem byggir á feðraveldi<sup>11</sup>.

Þá hafa margir fyrrum fræðimenn ofið saman í eitt feðraveldinu og pólitískum réttindum. Margir fræðimenn halda því fram að í upphafi hafi karlar haft pólitísk réttindi en ein af ástæðum þess að samningar væru nauðsynlegir væri vegna þess að þeir hefðu misst það vald úr höndum sér. Allir samningar hafi í byrjun kveðið á um hin miklu pólitísku réttindi karla sem grunnstoð samfélagsins og samningarnir væru því leið karlanna til að ná aftur í sín réttbæru pólitísku réttindi. Stjórn málafræðingurinn Sir Robert Filmer, sem var uppi á 17. öld, sagði að pólitísk réttindi væru tengd feðraveldinu þar sem kynveldi karlsins, sem æðri aðila, væri uppruni pólitískra réttinda. Filmer sagði að pólitísk réttindi karla mætti rekja allt aftur til tíma Adams og Evu í biblíusögum en pólitísk réttindi Adams hefðu einmitt legið í rétti hans sem húsbónda yfir Evu. Vald karla yfir konum hefði því komið frá Guði. Aðrir, svo sem John Locke, vildu meina í skrifum sínum frá 17. öld að feðraveldi og pólitískt vald væru ekki það sama en að samningarnir sem kvæðu á um hið karllæga væri upphaf pólitískra réttinda. Aðrir myndu segja að pólitísk réttindi ættu rætur að rekja til kynlægs valds karla (e. sex-right) eða hjúskaparéttar þeirra. Einnig var haft orð á því að karlar gætu ekki verið skilgreindir sem karlmenn með völd fyrr en þeir hefðu nýtt sér föðurrétt sinn gagnvart konum. Það sem samningsfræðimenn, þeir fræðimenn sem leituðust við að útskýra ólíka samfélagslega stöðu kynjanna, gerðu með því að koma ákvæðum um hjúskap karla og kvenna inn í kenningar sínar var að breyta hinni stöðluðu ímynd um kynlægt vald karla og færa yfir á það form sem

<sup>10</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 7

<sup>11</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 2, 30

seinna meir yrði fyrirmynd hins nútíma kynlægs valds karla. Þetta nútíma kynlæga vald byggir á bræðralagi karla þar sem karlar aðstoða aðra karla. Það er til dæmis skoðun stjórnmálafræðingsins John Dunn að lýðræði í dag sé hið pólitíska form bræðralags<sup>12</sup>.

Innan bræðralaga var litið á alla karlmenn sem jafningja enda bundnir sameiginlegum böndum sem byggja á kyni. Oft var því haldið fram að pólitík og bræðralag væru nátengd en pólitík gekk út frá þeirri hugmynd að réttlæti ríkti eða að sömu lög næðu til allra. Það sama á við um bræðralög. Þótt enn sé talað um bræðralög í nútímasamfélögum þá eru þau ekki jafn róttæk og áður fyrr þar sem karlar tengdust blóðböndum. Karlar tengjast þó enn ákveðnum sameiginlegum böndum. Að auki var talið að pólitíkin héldi borgurum samfélagsins, bæði körlum og konum, saman með hugmyndinni um bræðralag. Þar sem karlar væru í forsvari fyrir konur hefðu þær ekki eigin skoðanir heldur ættu að fylgja skoðunum þeirra. Skoðanir karla voru enda taldar rökréttari og betri heldur en almennar skoðanir kvenna vegna tengsla þeirra við hvorn annan. Því væri bræðralag mikilvægt til að halda samfélögum saman og fá þetta sameiginlega yfirbragð innan þeirra<sup>13</sup>. Þessa samninga gagnrýnir Pateman en hún vill meina að hið karllæga og karlmenn séu ekki allt. Konur eigi einnig stað innan sviðs stjórnmála sem og fullt erindi inn á svið hins opinbera samfélags án þess að þurfa aðstoð frá körlum. Fyrrum fræðimenn tali niður til kvenna og taki af þeim réttindi þeirra og frelsi á meðan þær séu fullfærar um að sjá um sig sjálfar.

Annar samningur sem vert er að minnast á er hjúskaparsamningurinn (e. marriage contract) en þar er kveðið á um hvernig sambandi milli karls og konu innan hjónabands skuli háttað. Pateman er mjög gagnrýn á þennan samning en samkvæmt honum er karlmaðurinn höfuð fjölskyldunnar. Hann fer með valdið á heimilinu og sinnir málefnum fjölskyldunnar út á við á hinu opinbera sviði samfélagsins. Konur eiga að vera mannum til halds og trausts, hlusta á hann og fara eftir því sem hann segir. Þessi samningur er ein helsta undirstaða félagslegra samskipta en sambandið á milli karls og konu í hjúskaparsamningnum líkist um margt samskiptum atvinnurekenda og starfsmanna á vinnumarkaði. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að samkvæmt samningafræðimönnum voru það aðeins karlmenn sem höfðu nægilega mikla getu til að gera samninga. Það er því mikilvæg spurning hvers vegna konur hefðu átt að samþykkja samninga, svo sem hjúskaparsamninga, sem kváðu ekki á um rétt

---

<sup>12</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 3, 77 – 79, 87

<sup>13</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 80

þeirra til eins né neins eða þá hvers vegna konur á vinnumarkaði ættu að hefja störf hjá fyrirtæki þar sem ekki væri tekið tillit til réttar þeirra. Ástæða þess að karlar voru taldir hafa meiri getu en konur var vegna náttúrulegra eiginleika svo sem að þeir væru fæddir frjálsir, stæðu jafnfætis gagnvart hvor öðrum og gætu því talist sem einstaklingar. Konur voru taldar skorta alla þá hæfileika og getu sem að einstaklingar þyrftu að hafa. Þetta sýndi sig í miklum mun á milli kvenna og karla og sýnir sig jafnvel enn. Kynjamunur var talinn vera pólitískur munur, þar sem karlar voru æðri konum og voru í forsvari fyrir þær á hinu opinbera sviði samfélagsins sem og á sviði einkalífsins. Kynjamunur er munur á milli frelsis og undirokunar. Þrátt fyrir allar þær breytingar sem orðið hafa á undanförunum árum og áratugum þá hafa konur enn ekki sömu samfélagslegu stöðu og karlar. Að sama skapi er uppbyggingin á hinu hversdagslega lífi í mörgum samfélögum enn samofið hugmyndinni um feðraveldi og kynbundinn mun<sup>14</sup>.

Locke tekur fram að þótt karlar sem einstaklingar með fullkomið frelsi séu æðri konum þá hafi enginn fullkomin pólitísk réttindi í því sem heitir borgaralegt samfélag. Hann fer þá inn á svið einkalífsins og spyr hvort karlmenn í hjónabandi stjórni konunum sínum. Hann telur að konur séu undirokar eiginmanna sinna þar sem að siðir þjóða og hugsun hafi ávallt verið á þá leið. Einnig séu skýr skilaboð af náttúrunnar hendi að kvenmenn séu undirokar karla vegna skorts á almennri getu og líkamlegum styrk. Hann vill ekki ganga svo langt og segja að undirokun kvenna sé dæmi um pólitískt vald karla. Þetta sé dæmi um feðravald þar sem einungis karlmaðurinn í fjölskyldunni fer með pólitískt vald<sup>15</sup>.

Fyrrum fræðimenn töldu að áður nefndir samningar myndu gefa af sér siðmenntað samfélag. Samband einstaklinga innan hvers samnings byggði þá ekki á náttúrulegu sambandi, að aðstæður milli kynjanna væru til komnar vegna náttúrulegra aðstæðna, heldur væru atburðir til komnir vegna þess að samfélagið krefðist þess. Pateman gagnrýnir þetta og segir samband milli atvinnurekenda og starfsmanna einmitt vera byggt á þess konar samningi en svo ætti í raun ekki að vera. Eins og áður hefur komið fram eru konur ekki taldar geta gert samninga þar sem þær skorti getu sem einstaklingar. Atriði er lúta að konum má samt sem áður finna í hinum ýmsu samningum svo sem hjúskaparsamningum og felst því ákveðin mótsögn í þessari staðhæfingu. Þá er það spurning hvort konur geti af fúsum og frjálsum vilja

---

<sup>14</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 4-6

<sup>15</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 52-53

gert og samþykkt samninga af sjálfsdáðum eða hvort þeim sé ýtt inn í samninga án þeirra vilja. Þrír fræðimenn halda því fram að svo geti ekki verið þar sem að samningar verði ekki gerðir án samþykkis beggja aðila. Þeir eru því í mótsögn við skoðanir Pateman. Í fyrsta lagi tekur Thomas Hobbes, á 17. öld, fram að hver einstaklingur eigi sjálfan sig. Allur styrkur einstaklinga og öll sú geta sem hann hefur með að bera sé hans eigin og geti aðilar því ekki tekið upp samninga nema að báðir aðilar samþykki á eigin forsendum. Í öðru lagi er það C. B. Macpherson sem lýsir þeirri skoðun í skrifum sínum á 20. öld að einstaklingur sé herra síns eigins líkama og öll hans geta sé hans eign. Allir leitist við að vernda eigin eignir og samþykki því aðeins samninga séu þeir einstaklingi í hag. Í þriðja lagi er það John Locke sem segir að allir eigi eign en sú eign sé sjálfur einstaklingurinn. Þegar vandamál steðji að einstaklingi leitist hann við að vernda sjálfan sig og það gerist aðeins með samningi. Samningar séu því í grunninn gerðir til að byggja upp samband milli manna og eigna þeirra en þá eigi ekki að byggja á eiginhagsmunum. Samninga má hins vegar gera þegar að aðilar skipta á eignum sínum<sup>16</sup>. Þversögnin felst í því að konur eru ekki taldar einstaklingar og geta því varla talist eiga eignir sem þær þurfi að vernda sérstaklega. Samkvæmt félagssamningakenningunni (e. the social contract theory) þá leita konur skjóls undir verndarvæng karla. Margir myndu ætla að sú vernd sem þær tryggja sér teldist til eiginhagsmuna. Ekki ríkir því samkomulag í fræðiheiminum um hver staða kvenna innan samfélaga sé.

Fræðimaðurinn James Buchanan hélt því fram á 19. öld að náttúrulegt ástand fæli í sér jafnrétti. Því bæri að líta til þess ójafnréttis sem ríkti á hinum ýmsu sviðum samfélagsins, hverjir yrðu fyrir því, hverjir væru þess valdandi og undir hvaða kringumstæðum yrði það. Buchanan sagði að aldrei ríkti það mikið ójafnrétti milli tveggja einstaklinga að hægt væri að stjórna eða kúga annan aðilann. Hér gleymist aftur að í samningum er ekki litið á konur sem einstaklinga. Ný-klassísk greining Coase á 20. öld á verkamannasamninginn var sú að starfsmaður samþykkti að hlýða yfirmanninum innan ákveðinna takmarka. Grunnur samningsins væri að takmörk yfirmannsins ættu að vera skýrt tekin fram annars væri þetta ekki lengur samningur heldur þrældómur. Jafnrétti væri eina leiðin til að tryggja góðan verkamannasamning. Oft hafa verkamannasamningar og þrælahald verið borin saman en lengi vel hefur deilan snúist um hvort yfirmenn nýti starfsmenn eins og þræla. Þeir sem gagnrýna þá hugsun beita fyrir sig þeim rökum að yfirmenn hafi ekki algilt vald yfir

---

<sup>16</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 54 – 58

undirmönnum sínum. Yfirmenn þurfi að borga starfsmönnum laun, starfsmenn vinna aðeins í ákveðinn tíma og réttindi yfirmanna nái aðeins til þeirrar þjónustu sem starfsmenn veita en ekki yfir starfsmanninn sjálfan. Nokkrir gagnrýnismenn á verkamannasamninga auk Pateman hafa haldið því fram að sterkir yfirmenn þvingi stundum veikari starfsmenn og þá aðallega konur í samninga sem séu varla boðlegir enda telji þeir þess konar samninga fullkomlega boðlega fyrir konur. Þversögnin í þessu er að grunnkenningin um samninga kveður á um að samningar séu leið til að tryggja og jafnvel auka við frelsi einstaklinga<sup>17</sup>. Þá er aftur mótsögn í félagssamningum þar sem þeir fræðimenn sem aðhyllast þá telja konur ekki vera einstaklinga. Pateman gagnrýnir allar hugmyndir og staðhæfingar þessara fyrrum fræðimanna þar sem hún telur konur vera einstaklinga þó þær njóti ekki sama frelsis og karlar.

Þrátt fyrir alla þá framför sem hefur orðið á aðeins síðustu 300 árum þá eru kenningarnar og samningarnir enn í fullu gildi víða í heiminum. Kenningarnar að ofan fjalla mikið um konur á hinu opinbera sviði samfélagsins. Hið opinbera svið samfélagsins í Japan byggir til dæmis enn á kynjarétti (e. sex right) þar sem karlar eru æðri konum. Inni á sviði einkalífsins í Japan ríkir einnig karllægt vald sem byggir á hjúskaparrétti karla. Þá breytir litlu hversu mikið lög og reglugerðir sumra landa hafa breyst í þágu kvenna, enn efast margir um að karlar munu nokkurn tímann láta af þeim feðraveldisvana sem þeim hefur áskotnast. Þeir muni halda í valdið með styrk enda æðri verur frá náttúrunnar hendi. Þá er skortur á jafnrétti kynjanna oft ekki séð sem nægilega mikið vandamál sem mikilvægt sé að leysa sem fyrst. Mannfræðingurinn Lévi – Strauss tekur fram að samfélög sem haldi í hefðir byggja á skyldleika frá karli til karls en þessi skyldleiki muni færast frá hinu opinbera sviði samfélags á einkasviðið og byggjast upp sem nútíma fjölskylda en gott dæmi um þetta er japanskt samfélag<sup>18</sup>.

Í þessum kafla var fjallað um mikilvæg hugtök sem vert er að hafa í huga við lestur þessarar ritgerðar. Kenningar Walby um kynjakerfi bæði á hinu opinbera sviði samfélagsins sem og á sviði einkalífsins er til staðar en það byggir á aðskilnaði og undirskipun kvenna á hinum ýmsu sviðum samfélagsins sem og innan fjölskyldunnar. Þetta kerfi á sér djúpar rætur í hinu ríkjandi feðraveldi sem þó er ekki eins sterkt og áður. Enn eiga sér stað atvik innan

---

<sup>17</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 59 – 62, 70

<sup>18</sup> Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. 94 – 95, 112, 219

samfélaga er minna á fyrrum yfirráð karla og karlveldið eins og síðar mun koma fram. Kenningar Pateman segja að nútíma feðraveldi byggi á hlýðni kvenna við karla í skiptum fyrir vernd þar sem þær láta af hendi frelsi sitt. Frelsið sé því tákn karlmenskunnar. Hvað varðar pólitík þá gagnrýnir hún að talið sé að karlar séu uppruni hinna pólitísku réttinda og að lýðræðið í dag sé ekkert annað en hið pólitíska form bræðralags. Þá er Pateman ekki sammála að innan veggja heimilisins eigi konur að ala upp börn og vera eiginmanni sínum til halds og trausts á meðan eiginmaðurinn sé höfuð fjölskyldunnar og sinni öllum málefnum hennar á hinu opinbera sviði samfélagsins. Minnst er á það að ójafnrétti sé aldrei svo mikið að hægt sé að kúga annan aðilann en atburðir séu hins vegar til komnir vegna þess að samfélagið krefjist þess til að halda röð og reglu innan þess. Sú misskipting milli kynja gæti því átt rætur í hinu karllæga kynjakerfi samfélagsins. Í næsta kafla verður farið yfir stöðu kvenna í hinu japanska samfélagi. Stiklað verður á stóru í samfélagslegri sögu Japans sem nauðsynlegt er að skilja til að öðlast skilning á hinum djúpu félagslegu formgerðum feðraveldisins. Þá verður farið yfir grundvallareiningu samfélagslegrar uppbyggingar Japans, hið svo kallaða ie kerfi, sem og farið verður almennt í þann mismun sem konur mega búa við innan hins japanska samfélags.



### 3. Japanskar konur í japönsku samfélagi

Samfélagið í Japan hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum og áratugum. Áður fyrr var áherslan mest á fjölskyldur, ættartengsl og lénsskipulag en í dag er Japan kallað nútíma heimsveldi. Samfélagið í Japan hefur í gegnum tíðina orðið fyrir áhrifum úr ýmsum áttum en Búddismi, hinn kínverski Konfúsíismi og lénsskipulag byggt á hefðum samúræja eru þeir mikilvægustu í þessu samhengi. Allir þessir þrír áhrifavaldar eiga það sameiginlegt að halda í heiðri gildum sem hafa neikvæð áhrif á stöðu kvenna og taka fram að skýr aðgreining sé á stöðu kynjanna. Í Búddisma er tekið fram að konur geti ekki fengið trúarlega frelsun, það sé aðeins á valdi karla. Konfúsíismi lítur á hóp fólks en ekki einstaklinga. Innan hvers hóps gildir þá það skipulag að konum beri að hlýða föður sínum sem dóttir, eiginmanni sínum sem eiginkona og eigin syni sem öldruð móðir. Samúræja lénsskipulagið tekur fram að konur skuli líta til eiginmanns síns líkt og hann væri sjálft himnaríkið. Staða kvenna er betri í nútímasamfélagi þótt enn sé mörgu ábótavant. Karlar hafa almennt betri stöðu á vinnumarkaði sem og í samfélaginu. Þá er enn það gildi haft í hávegum í Japan að staða aðila innan samfélagsins og sú ímynd sem hann hefur skapað sér komi á undan kyninu. Ákveðin þversögn er í þessari staðhæfingu þar sem að konur fá sjaldan tækifæri til að koma sér nægilega vel á framfæri innan samfélagsins. Fyrir þær er einnig því sem næst ómögulegt að klífa upp metorðastigann innan fyrirtækja. Karlar eiga auðveldara með að ná góðum árangri á hinu opinbera sviði og því verður að teljast ríkjandi kynjaskipting í Japan þó svo að Japanir vilji sjálfir meina að kyn skipti ekki miklu máli heldur aðeins sú staða sem þeir nái að ávinna sér. Karlar eru því enn æðri konum að nokkru leyti og kemur oft fyrir að þær séu hunsaðar af þeirra hálfu<sup>19</sup>.

Japanskt samfélag byggir á ríkum hefðum en margir fræðimenn líta á konur innan þess konar samfélaga sem bjargarlausar auk þess sem þær séu notaðar í þágu karla. Þá telja ýmsir fræðimenn þær ekki hafa stjórn á eigin lífi en þeir eru þá í mikilli andstöðu við skoðanir Pateman. Foucault segir að líkaminn hafi lengi verið þegn þess valds sem ríkir innan fullvalda ríkis og samfélags. Aðrir segja að Japan sem nútímaríki hafi orðið til en aðgreint strax frá byrjun hin líffræðilegu gildi og þann líffræðilega mun sem er milli kynjanna. Þannig hafi myndast mikill munur milli þeirra samfélagslegu hlutverka sem hvort kyn fyrir sig gegnir. Þá er einnig talið að með því að aðgreina líffræðilegan mun milli kynjanna þá hafi það gert ríkinu

<sup>19</sup> Spiridon, Veronica Gabriela. 2011. *Women in Japanese Society: Constraint and Fulfillment*. 703 – 704

auðveldara fyrir að notfæra sér japanskar konur í þágu karla þar sem karlar eru sterkara kynið<sup>20</sup>. Til að skilja stöðu kvenna í japönsku samfélagi ber að skoða það í sögulegu samhengi<sup>21</sup>. Feðraveldið sem áður hefur verið talað um styrktist til muna með tilkomu Konfúsíisma strax á 3 öld<sup>22</sup> og Búddisma á þeirri sjöttu<sup>23</sup>. Konur gátu hins vegar átt eignir og verið löglegir erfingjar ýmissa eigna á þeim tíma. Engin staða var þeim opin á opinbera sviðinu og þurftu konur því að halda sig heima við en það var talinn vera þeirra staður. Konur voru hins vegar í hávegum hafðar þegar kom að listfengi en þær voru og eru enn stór hluti af menningarlegri arfleið Japana. Konur misstu alla lagalega stöðu með tilkomu lénsskipulagsins frá 1392 til 1573 og í lok 15. aldar höfðu þær engan erfðarrétt. Þegar Konfúsíisminn var sem mestur á árunum 1600 til 1868 voru engin lagaleg réttindi sem konur gátu nýtt sér og mismunur milli kynjanna náði hámarki. Á árunum 1392 til 1868 varð ekki einungis staða kvenna lagalega séð fyrir barðinu á feðraveldinu heldur versnaði staða þeirra á öllum sviðum samfélagsins, fjárhagslega, trúarlega sem og í stjórnámálum. Þær urðu háðar karlmönnum sér til lífsviðurværis<sup>24</sup>.

Fyrr á öldum var hægt að skipta japönsku samfélagi í fernt. Í fyrsta lagi var það hópur japanskra stríðsmanna, samúræjar, en þeir voru alla jafna æðstir á stéttaskalanum. Í öðru lagi voru það kaupmenn, í þriðja lagi iðnaðarmenn (e. artisan) og í því fjórða voru bændur. Þessi grófa skipting á samfélagi Japan tók þó ekki tillit til hinna æðstu og lægstu innan samfélagsins svo sem lénsskipulagsherra, aðalsmanna, útlaga og fátækra<sup>25</sup>. Áhugavert þykir að mesta jafnræði virtist ríkja innan fjölskyldna sem töldust ekki til æðri stétta. Innan bændasamfélagsins ríkti því hvað mest jafnrétti og þá skipti sjaldnast máli af hvaða kyni aðili var né á hvaða aldri. Því ofar sem fjölskylda var á stéttaskalanum þeim mun minna frelsi og

---

<sup>20</sup> Tamanoi, Mariko Asano. 1990. *Women's Voices: Their Critique of the Anthropology of Japan*. 32

<sup>21</sup> Það eru fjórtán tímabil í japanskri sögu en það elsta nær aftur til 300 fyrir krist. Í ritgerðinni er þó aðallega farið í Meiji tímabilið frá 1868 – 1912 og Taisho tímabilið frá 1912 – 1926. Þá er einnig minnst á Heian tímabilið frá 794 – 1185 og Edo tímabilið 1603 – 1867. Meiji tímabilið dregur nafn sitt af þá ríkjandi keisara Meiji og Taisho dregur nafn sitt af hinum veika keisara Taisho. Heian tímabilið dregur nafn sitt af því að höfuðborg Japans, sem áður hafði verið í Naran, var flutt til Heian sem í dag heitir Kyoto. Edo tímabilið, öðru nafni Tokugawa, dregur nafn sitt af næst valdamesta manni Japans á þeim tíma en hinn æðsti var hershöfðinginn Hideyoshi. Tokugawa er þá þekktastur fyrir að hafa staðið gegn eftirmanni Hideyoshis, honum Hideyori, og ákvörðunum hans. Hvert tímabil í Japan hefst þegar sá aðili er nefnt eftir tekur til valda og því líkur þegar sá aðili fellur frá. <http://www.japan-guide.com/e/e2126.html>

<sup>22</sup> Confucianism. 2002. <http://www.japan-guide.com/e/e2300.html>

<sup>23</sup> Buddhism. 2008. <http://www.japan-guide.com/e/e2055.html>

<sup>24</sup> Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. *Rethinking The Roles of Japanese Women*. 309 - 311

<sup>25</sup> Hane, M. 1988. *Reflections on the Way to the Gallows: Rebel Women in Prewar Japan*. 141

sjálfstæði hafði konan. Þetta átti aðallega við um konur stríðsmanna<sup>26</sup>. Með tilkomu Meiji tímabilsins árið 1868 voru þessi fjögur stigveldiskerfi innan samfélagsins afnumin. Hins vegar breyttist fjölskyldulífið á þá leið að stigveldið, í anda samúræja lífstílsins, þar sem konur líta á eiginmenn sína sem hið algilda og hlutverk þeirra er einungis til að viðhalda ættarlínunni og ala börn<sup>27</sup>, færðist inn á svið einkalífsins og húsbóndinn varð höfuð fjölskyldunnar bæði innan fjölskyldunnar sem og á sviði hins opinbera. Þessi samúræjalífstíll er talinn vera fyrirmynd nútíma japanskra fjölskyldna<sup>28</sup>.

Japanskt samfélag er í stöðugum uppgangi en virðist þó enn sem komið er vera fast á milli menningarlegrar arfleiddar og hins nýja félagslega umhverfis sem hefur verið að myndast á síðustu áratugum. Margir myndu þó telja að ágætt jafnvægi hafi skapast á milli þessara tveggja samfélagsgilda. Hugmyndafræðin sem gildir innan samfélagsins er enn á þá vegu að millistéttarkonur eigi að vera án vinnu og hugsu um heimilið. Í raunveruleikanum er þó erfitt að halda í þessa hugmyndafræði vegna þeirra öru breytinga sem orðið hafa. Þannig er hin ríka hefð um karllægt vald fremur söguleg og á ekki við nema að hluta í japönsku samfélagi í dag. Umtalsverðar breytingar hafa orðið þar sem konur eru í sífellu að berjast fyrir réttindum og að koma sér á framfæri á hinu opinbera sviði samfélags og atvinnulífs<sup>29</sup>.

Eins og fram hefur komið hefur saga samfélagsins mikið að segja hvað varðar mótun kvenna og stöðu þeirra innan samfélagsins en menning hefur einnig mikil áhrif. Má í þessu sambandi nefna að kjarni hins japanska femínisma byggir á orðatiltækinu að hið persónulega sé pólitískt en sá frasi varð einkar vinsæll í kringum 1970. Þessi frasi var einkunnarorð vestrænna femínískra hreyfinga en hann byggði meðal annars á mótmælum og gagnrýni á efnishyggju og framfarartrú. Þessi frasi blés nýju lífi í umræðuna um jafnrétti kvenna á samfélagslegum vettvangi<sup>30</sup>. Frasinn þýðir að jafnvel persónulegustu atriði í einkalífi hvers manns eru byggð á stærri atriðum úr samfélagi. Líf japanskra kvenna og staða þeirra er því talin byggja á stærri samfélagslegum samböndum. Samkvæmt frasanum er því talið að hin

---

<sup>26</sup> Tamanoi, Mariko Asano. 1990. *Women's Voices: Their Critique of the Anthropology of Japan*. 23

<sup>27</sup> Sievers, S. L. 1983. *Flowers in Salt: The Beginnings of Feminist Consciousness in Modern Japan*. 4

<sup>28</sup> Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. *Rethinking The Roles of Japanese Women*. 311 - 314

<sup>29</sup> Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. *Rethinking The Roles of Japanese Women*. 315

<sup>30</sup> Þorgerður Einarsdóttir. 2004. „Hið Vísindalega Er Pólitískt“ *Femínismi Sem Fræðikenning Andófs og Breytinga*. 218 – 219

karllægu gildi hins japanska samfélags hafi mótað stöðu kvenna bæði á sviði einkalífsins sem og utan veggja heimilisins<sup>31</sup>.

Japanski mannfræðingurinn T. S. Lebra hefur lengi rannsakað konur í Japan en hún segir að samfélagsleg uppbygging í Japan sé ákveðið kerfi þar sem ætlast er til þess að konur séu viðkvæmari en karlar og reiði sig meira á aðra, sérstaklega þegar kemur að heimilishaldi. Samfélagslega uppbyggingin kveði þá á um að konur skuli samsama sig fjölskyldum sínum á sviði einkalífsins og kenna sig við þær. Breytingar geti þá aðeins orðið í uppbyggingu samfélagsins þegar konur taki þátt og gerast virkir samfélagsþegnar. Lebra telur því að uppbygging japansks samfélags auki einstaklingseðli kynjanna á mismunandi vegu. Körlum er kennt að sjá fyrir fjölskyldum sínum og öðrum eignum er hann telur sig eiga rétt á. Konum er hins vegar kennt að láta sjá fyrir sér og kenna sig við aðra einstaklinga í stað þess að telja sjálfar sig sem einstakling. Það leynist því kynjamismunur innan samfélagsins sem gerir konum oft erfitt um vik að brjótast undan þeirri staðalímynd sem þær hafa<sup>32</sup>.

Í nútímasamfélagi ræðst munurinn á milli kynjanna af tvennu. Í fyrsta lagi hafa karlar áhrif á næstum alla þætti sem valda því að konur og karlar standa ekki jafnfætis. Samfélagsleg staða kvenna veltur á stöðu eiginmannsins innan samfélagsins og fyrirtækisins sem og á launum hans. Enn eru konur ekki metnar að eigin verðleikum og þá hvort þær langi að vera útvinnandi heldur er spurningin hvort að þær þurfi að vera útvinnandi vegna stöðu eiginmannsins. Í öðru lagi er samfélagslegt ójafnrétti kvenna til komið vegna kynjamisréttis svo sem vegna mismunandi menntunnar kynjanna og stöðu þeirra innan fyrirtækja. Ein mikilvæg breyting hefur þó átt sér stað varðandi ímynd kvenna en þær eru ekki lengur taldar vera hinar friðsælu, meyru, aðgerðarlausu og hlutlausu konur líkt og áður fyrr. Sú staðalímynd sem almennt er höfð í huga þegar talað er um japanskar konur er að þær séu undirgefnar, lægra settar en karlar, undirokaðar og hafi sig lítið í frammi. Japanskar konur hafa brotist undan þessari staðalímynd kvenna þar í landi þótt að satt sé að þær séu enn ekki valdamiklar innan samfélagsins<sup>33</sup>. Þær eru enn taldar frábrugðnar körlum að því leyttinu til að þær eru ekki valdamiklar. Aftur á móti eru þær ekki taldar sækjast eftir völdum heldur aðeins

---

<sup>31</sup> Tamanoi, Mariko Asano. 1990. *Women's Voices: Their Critique of the Anthropology of Japan*. 18 – 22

<sup>32</sup> Tamanoi, Mariko Asano. 1990. *Women's Voices: Their Critique of the Anthropology of Japan*. 22

<sup>33</sup> Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. *Rethinking The Roles of Japanese Women*. 309

hamingju<sup>34</sup>. Öðlist þær hamingju muni þeim líða líkt og þær hafi áorkað einhverju í lífinu. Þessi hamingja hefur þó breyst aðeins á undanförunum árum en í dag eru það yngri konur í Japan sem sækjast eftir hamingju því þær telja sig hafa rétt á því að vera hamingjusamar og þær sækjast eftir því. Eldri konur í Japan voru þeim frábrugðnar þar sem þær sóttust aðeins eftir hamingju vegna skyldu sinnar við samfélagið. Skyldan var á þeim tíma að stofna fjölskyldu og sinna henni á sviði einkalífsins<sup>35</sup>.

Þó má ekki gera lítið úr þeirri hugsun sumra kvenna að fjölskyldan sé hennar atvinna. Mesta ójafnrétti sem konur verða fyrir verður á vinnustöðum, innan fjölskyldu og jafnvel vegna gamalla orðatiltækja. Má þar nefna sem dæmi að margar konur sem og karlar halda enn í orðatiltækið „góð kona, vitur móðir“ (e. Good wife, wise mother) en talið er að móðurhlutverkið styrki konur. Vald mæðra ræðst þá af uppvexti barnsins. Hegðun barns endurspeglir hennar eigin hegðun og lærir hún betur á sjálfa sig með því að fylgjast með barninu. Þessi hugsun er þó á sífelldu undanhaldi meðal ungs fólks í Japan. Margar konur trúa þó enn að þeirra hlutverk sé innan sviðs einkalífsins og þá hafa þær oft en ekki mikilli ábyrgð að gegna á því sviði. Þær fara með fjármál fjölskyldunnar og taka sjálfstæðar ákvarðanir um menntun og frama fjölskyldunnar<sup>36</sup>. Könnun sem skrifstofa japanska forsætisráðherrans lét gera árið 1984 leiddi í ljós að aðeins 13% kvenna á vinnumarkaði fannst að karlar og konur ættu að axla sameiginlega ábyrgð á sviði einkalífsins. 5% kvenna á vinnumarkaði héldu því fram að karlar ættu ekki að sinna neinum heimilisstörfum. Tæpir þrjú áratugir eru síðan að þessi könnun var gerð og hafa skoðanir kvenna breyst á þeim tíma. Konur telja í mun meiri mæli að konur standi körlum jafnfætis og þeim beri að sinna heimilisstörfum jafnt á við þær. Vegna karllægra gilda samfélagsins hefur gengið hægt að koma skoðunum kvenna á framfæri<sup>37</sup>.

Til að skilja nútíma japanskt samfélag enn frekar þarf að skilja svo kallað ie kerfi sem innleitt var í Japan á Meiji tímabilinu 1868. Ie kerfið má því teljast sem hefð sem fylgt hefur samfélaginu fram til dagsins í dag. Ie er grundvallareining í samfélagslegri uppbyggingu

---

<sup>34</sup> Samkvæmt Kitayama og Markus er skilgreiningin á hamingju og hvað fels í hugtakinu mjög mismunandi milli landa. Þeir segja að í mörgum Asíulöndum, þar á meðal Japan, er hamingja þegar að aðili tekur mikilvæga og agaða ákvörðun, fylgir henni eftir og hlýtur þess í stað virðingu og samkennd annarra. [http://www.dijtokyo.org/publications/WP0901\\_Coulmas.pdf](http://www.dijtokyo.org/publications/WP0901_Coulmas.pdf)

<sup>35</sup> Spiridon, Veronica Gabriela. 2011. *Women in Japanese Society: Constraint and Fulfillment*. 706 – 707

<sup>36</sup> Spiridon, Veronica Gabriela. 2011. *Women in Japanese Society: Constraint and Fulfillment*. 705 – 706

<sup>37</sup> Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. *Rethinking The Roles of Japanese Women*. Bls. 315

Japans og er einn helsti áhrifavaldurinn þegar kemur að stöðu kvenna innan samfélagsins. Í eining jafngildir fjölskyldu en tekur einnig yfir öll skyldmenni fjölskyldu, hvort sem þau eru lifandi eða dái. Í byggir ekki á skyldleikakerfi heldur að innan hvers hóps og fjölskyldna séu stöður, hlutverk, skyldur og réttur sem hver fjölskylda þurfi að lifa í samræmi við. Þegar í kerfið var innleitt voru mjög karllæg gildi innan samfélagsins og mótuðu þau stöðu hvers einstaklings innan fjölskyldu. Vegna þeirrar ríku hefðar Japana að halda í þetta hefðakerfi og byggja fjölskylduna upp á sama hátt og gert hefur verið í gegnum tíðina þá hefur staða kvenna lítið breyst. Í er því lærd hegðun og staða einstaklinga er lærd hegðun. Í kerfið mótar því samfélagslega hegðun hópa. Japanir skilja því í kerfið sem sjálfstæða heild óháða lifandi fjölskyldum og þeim sem áður voru. Hlutverk í er því einhvers konar stigveldiskerfi þar sem karlar eru alla jafnan í hærri stöðum. Hafa ber þó í huga að þrátt fyrir þessa skiptingu kynja í í kerfinu þá þýðir það ekki að konur séu metnar að minni verðleikum en karlar. Vaninn er að konur séu stoltar af heimili sínu og fjölskyldu. Staða kvenna kann að vera metin slæm séð frá hinum vestræna heimi en þar ríkja önnur samfélagsleg viðmið. Japanskar konur hafa reyndar meiri áhrif en margir gera sér grein fyrir. Þær hafa mikið vald innan heimilisins og á eiginmenn sína, einhvers konar tilfinningalegt vald, sem og að ráða fjárhag heimilisins og hvernig fjármunum fjölskyldunnar skuli varið. Stöðu kvenna mætti því skilgreina sem lága eða slæma á hinu opinbera sviði en háa á sviði einkalífsins. Ástæða þessa er að móðurhlutverkið er enn talið vera miðpunktur hins japanska samfélags<sup>38</sup>. Hér ber að hafa í huga kynjakerfið í skilgreiningu Walby sem fjallað var um í 2. Kafla. Kynjakerfið hvílir djúpt í félagslegum formgerðum og eru bæði fjölskyldan sem og aðrir samfélagslegir þættir ákveðin uppspretta yfirráða sem ýtir undir það. Þrátt fyrir að kynjakerfið sé ríkjandi á hinu opinbera sviði samfélagsins þá felur það ekki í sér að konur séu algjörlega útilokaðar frá þátttöku. Aðstaða þeirra á sviði einkalífsins á þó oft stóran þátt í því að aftra þeim framgöngu innan samfélagsins. Japanska kynjakerfið er um margt ólíkt kynjakerfinu sem fólk býr almennt við á Vesturlöndum og hinn menningarlegi munur er mjög mikill. Konur eru í hávegum hafðar inni á heimilum í hlutverki eiginkvenna og mæðra en ekki innan hins opinbera samfélags í Japan. Á Vesturlöndum eru konur komnar mun lengra í baráttu sinni fyrir jafnræði á öllum sviðum samfélagsins. Það sem Vesturlandabúum þykir fráleitt er talið gott og gilt í Japan og öfugt. Japanska kynjakerfið er í nokkurri andstöðu við kenningar

---

<sup>38</sup> Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. *Rethinking The Roles of Japanese Women*. Bls. 316 – 318, 322 – 323

Pateman sem gerir ráð fyrir undirskipun kvenna í hjónabandi en móðurhlutverkið er þrátt fyrir það eitt göfugasta starf sem kona í Japan getur haft. Vert er að minnast á að japanskar konur eru virkari á hinu opinbera sviði en margir gera sér grein fyrir. Sem dæmi má nefna að við lok Meiji tímabilsins, um 1911, tóku nokkrar konur sig saman og gáfu út bókmenntatímarit fyrir konur. Þetta tímarit átti að stuðla að vakningu kvenna og hvetja þær til að uppgötva þeirra innra sjálf og möguleika þeirra. Á Taisho tímabilinu, 1912 til 1926, varð uppgangur í hinum ýmsu lýðræðislegu hreyfingum innan samfélagsins og vandamál sem tengdust aðstæðum kvenna fengu sífellt meiri athygli. Árið 1920 var fyrsta kvannahreyfingin stofnuð, Shin Fujinkai, sem hafði það að markmiði að berjast fyrir kosningarétti kvenna. Að auki má nefna að eftir síðari heimsstyrjöld jókst stjórnmalapátttaka kvenna<sup>39</sup>.

Eins og fram hefur komið hefur samfélagið í Japan orðið fyrir ýmsum áhrifum í gegnum tíðina en þar ber helst að nefna Búddisma, konfúsíisma og samúræja lénsskipulag. Þessir áhrifavaldar aðhyllast allir gildi sem líta á konur sem réttlægri en karla. Þá sést hvernig feðraveldið er lærd hegðun í ie kerfinu. Einnig er minnst á að þrátt fyrir að konur séu að losa sig undan hinni hefðbundnu staðalímynd sem þær hafa verið kenndar við svo lengi þá er enn ójafnrétti innan samfélagsins þar sem staða konu veltur á stöðu eiginmanns hennar sem og að ójafnréttið teygir anga sína inn á vinnumarkaðinn. Þá eru fræðimenn ekki sammála um stöðu kvenna en í gegnum tíðina hafa þær á tímum verið hafðar í hávegum, sérstaklega hvað varðar listfengi, en á öðrum tímum hafa þær verið hunsaðar eða búið við undirokun og þá sérstaklega á sviði einkalífsins. Margar konur í dag hefja sjálfar sig þó upp og meta sig verðugar hvort sem er í hinum opinbera geira eða innan veggja heimilisins þar sem þær sinna móðurhlutverkinu. Samfélag Japan er fast í sögulegum aðstæðum og nær ekki þeim gildum er einkenna nútíma samfélög og ættu að einkenna nútíma samfélag Japan. Menntun er umfjöllunarefni næsta kafla þar sem farið verður yfir upphaf menntunnar kvenna, hvernig skólakerfinu er háttað og lög sem sett hafa verið til að auðvelda konum skólagönguna. Einnig verður farið yfir stjórnmal og konur í pólitík, hvernig staða þeirra hefur breyst og hvers vegna konur hafi ekki náð jafn langt og karlar á því sviði.

---

<sup>39</sup> Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. *Rethinking The Roles of Japanese Women*. 324

#### 4. Menntun og stjórnmal

Fáar rannsóknir eru til um stöðu kynja og hlutverk þeirra í hinu japanska menntakerfi. Þrátt fyrir þá takmörkun má samt greina stöðu kvenna innan þess frá endurreisn Meiji tímabilsins, 1868 til 1912. Konum hefur verið kleift að hljóta menntunar allt frá því á Heian tímabilinu, 794 til 1185. Það var þó ekki fyrr en á Edo tímabilinu 1603 – 1867 að fólk áttaði sig á því mikla vægi sem menntun hafði innan samfélagsins<sup>40</sup>. Konur af æðri ættum voru menntaðar heima fyrir af annað hvort fjölskyldumeðlimum eða utanaðkomandi kennara. Almúgastúlkur gengu hins vegar í skóla ásamt drengjum þó svo að kynjaskipting hafi ríkt innan hans. Þá áttu allar stúlkur að vera menntaðar í heimilisrekstri, saumaskap og vefnaði en á þeim tíma var litið á þessa klassísku menntun kvenna sem undirbúning fyrir framtíðar atvinnu þeirra. Atvinna kvenna í þessu tilviki er hjónaband þar sem hollusta kvenna var við heimilið og húsbóndann en þessi menntun átti að stuðla að því að gera konur að betri einstaklingum innan veggja heimilisins<sup>41</sup>. Þegar Meiji tímabilið gekk loks í garð urðu á ýmsar breytingar. Það var á þeim tíma sem ríkisstjórnin kom á fót skólakerfi, eins og það birtist okkur í dag, og kynnti til sögunnar skyldubundina menntun. Skyldubundin menntun átti þó aðeins við grunnskólamenntun. Ákveðins misréttis gætti innan þessa skólakerfis og á Meiji tímabilinu voru tækifæri kvenna til menntunar í raun mjög heft og einkenndist menntun þeirra af þeim markmiðum ríkisstjórnarinnar að konur yrðu hæfar til að veita börnum sínum gott uppeldi. Þannig átti að styrkja helstu stoðir þjóðfélagsins, fjölskylduna, með því að styrkja og betrubæta kjarna hennar, eiginkonuna, og gera þjóðina þannig að sterkari einingu. Þannig var hugsun ríkisstjórnarinnar að þessi menntun kvenna myndi stuðla að því að þjóðin yrði að einni stórrí fjölskyldu sem sýndi landi og þjóð hollustu en þessi þjóðræknishugmynd er hluti af feðraveldinu þar sem litið er á þjóðina sem stóra fjölskyldu á hinu opinbera sviði sem er svo styrkt á sviði einkalífsins<sup>42</sup>. Þó svo að skólakerfið í núverandi mynd hafi komið fram árið 1872 þá ríkti þessi einsleita menntun kvenna allt fram til ársins 1919. Sú breyting sem varð árið 1919 fólst í því að allir nemendur áttu að hljóta sömu menntun á grunnskólastigi en að þeim áfanga loknum skiptist kerfið upp eftir starfsgreinum, sem nemendur höfðu áhuga á að

---

<sup>40</sup> Edo Period (1603 - 1867). 2002. <http://www.japan-guide.com/e/e2128.html>

<sup>41</sup> Dore, R. 2011. *Education in Tokugawa Japan*. 67

<sup>42</sup> Okuda, A. 1998. *Women and Religion in Japan*. 119.



kynna sér frekar og eftir kyni. Gagnfræðiskólum var skipt eftir kyni en hærri menntunarstig voru lokuð fyrir kvenkyns nemendur<sup>43</sup>.

Tímarnir hafa breyst í Japan og er það nú orðið svo að japanska stjórnarskráin kveður á um í menntastefnu sinni, gr. 26. að allir hafi rétt á jafnri menntun sem samsvarar getu- og hæfnisstigi þeirra. Þá hafa bæði stelpur og strákar sama rétt til menntunnar og að auki skuli hin skyldubundna menntun vera ókeypis. Tímarnir breyttust mjög ört eftir síðari heimsstyrjöldina og var það í mars árið 1947 sem grunnlögum um menntun (e. Basic Act of Education) var komið í gagnið. Þessi lög settu fram ýtarlegri markmið og reglur um menntun heldur en áður höfðu komið fram. Í þeim var kveðið á um jafna menntun kynjanna, skyldubundna menntun, blandað skólakerfi þar sem stúlkur og piltar sitja í sama bekk, almenna skólamenntun sem og félagslega menntun þar sem piltar og stúlkur hafa sama aðgang að hinum ýmsu stofnunum, svo sem bókasöfnum og öðrum menningarlegum stofnunum. Þá var einnig lagt bann við pólitískri menntun og trúarmenntun þar sem aðeins er einblínt á eina trú<sup>44</sup>.

Grunnlögin um menntun skilgreindu einnig hvernig menntunarstigin skyldu virka svo bæði stelpur og strákar fengju sömu menntun á öllum fjórum stigum skólagöngu. Fyrst er sex ára grunnskólanám sem hefst við sex ára aldur<sup>45</sup> en þar á eftir fylgir þriggja ára gagnfræðanám. Menntaskólar í núverandi mynd voru stofnaðir árið 1948 og buðu upp á fullt nám í þrjú ár fyrir bæði kyn. Að lokum voru það háskólar sem buðu upp á fjögurra ára nám en þeir voru betrubættir og settir inn í nýja skólakerfið árið 1949<sup>46</sup>. Árið 2006 voru þessi lög endurskoðuð og breytingarnar tóku gildi síðar sama ár. Þar var gefin enn ýtarlegri lýsing en í hinum fyrri þó svo að reynt væri að halda í hin gömlu gildi og fyrri útskýringar þeirra manna sem höfðu búið til fyrstu lögin. Þetta var gert til að sýna japönsku þjóðinni að þótt að skref væri tekið í átt til nútímans þá væri enn haldið í eldri hefðir og gildi. Í þessum nýju lögum segir að borgurum skuli vera gefinn jafn réttur til menntunnar samkvæmt getu þeirra og þeim skuli ekki mismunað sökum kynþáttar, trúar, kyns, félagslegrar stéttarstöðu, fjárhags

---

<sup>43</sup> Grabowski, Richard; Self, Sharmistha. 2008. *Examining The Link Between Japan's Development And Education Of Females*. 279-280

<sup>44</sup> Ministry of Education, Culture, Sports, Science and Technology Japan. Ár óuppgafið. *The Basic Act of Education*. <http://www.mext.go.jp/english/lawandplan/1303462.htm>

<sup>45</sup> Ministry of Foreign Affairs. Ár óuppgafið. *Explore Japan Schools*. <http://web-japan.org/kidsweb/explore/schools/>

<sup>46</sup> Ministry of Education, Culture, Sports, Science and Technology Japan. Ár óuppgafið. *Education*. <http://www.mext.go.jp/english/introduction/1303952.htm>

eða fjölskyldu<sup>47</sup>. Allar þær reglur og öll önnur lög er tengjast menntun verða að taka mið af þessum grunnlögum til að geta uppfyllt öll þau skilyrði sem krafist er til að allir nemendur, hvort sem um er að ræða stúlkur eða drengi, njóti sömu réttinda.

Fjöldi kvenna í menntakerfinu tók kipp á sjöunda áratug síðustu aldar og í lok áratugarins var fjöldi kvenkyns nemenda meiri heldur en karlkyns nemenda. Hlutfall kvenna í kerfinu árið 1975 var 90% en hækkaði ört og varð 97% árið 1997. Enn var dálítill munur á framvindu náms kvenna eftir skyldubundna menntun en það tók að breytast á tíunda áratugnum. Í lok þess áratugar fóru nær allar konur í gagnfræðiskóla til frekara náms. Skráning kvenna í menntaskóla jókst gífurlega milli 1965 og 1975 eða úr 6,7% í 19%. Að sama skapi jókst skráning kvenna í háskóla nær því tvöfalt milli 1970 og 1975, eða úr 6,5% í 12,5%. Til marks um áframhaldandi aukningu voru 26% kvenna í háskólum árið 1997 en þessi fjöldi kvenna í háskólum hefur haldið áfram að aukast allt fram til dagsins í dag<sup>48</sup>.

Tímarnir eru að breytast í Japan og hafa gömlu gildin sífellt minna vægi en áður. Þegar að menntun kvenna tók að aukast á áttunda áratugnum þá fjölgaði starfstækifærum kvenna sem þýddi það að konur gátu nú unnið fyrir sér utan veggja heimilisins. Þá er fróðlegt að sjá samband menntunar á samfélagslega hegðun kvenna en eftir því sem menntun kvenna jókst þá varð hegðun þeirra mun frjálsgri en áður og sú staða sem japanskar konur höfðu þurft að búa við um árabíl, þar sem konur vinna á heimilunum en karlar eru fyrirvinnan utan þess, var hafnað. Með þessum breyttu gildum innan samfélagsins og aukinni menntun þá hafa sumir karlar líka orðið fyrir áhrifum. Karlar sem eru með góða menntun eru líklegri en aðrir karlmenn til að hafna kynjaskiptingu<sup>49</sup>. Menntun er því stór hluti af baráttu kvenna til að losna úr viðjum kynjakerfis og félagslegum yfirráðum karla.

Skipta má menntun kvenna upp í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru það mjög vel menntaðar konur, þær sem hafa gengið í gegnum öll menntunarstig og hlotið æðstu menntun. Í öðru lagi eru það ágætlega vel menntaðar konur sem hafa klárað grunnskóla og menntaskóla og eru jafnvel með einhverja háskólagráðu. Í þriðja lagi eru það konur sem eru minna menntaðar og hafa þá aðeins klárað grunnskólanám eða menntaskólanám. Þrátt fyrir hina

---

<sup>47</sup> Ministry of Education, Culture, Sports, Science and Technology Japan. Ár óuppgafið. *The Basic Act of Education*. <http://www.mext.go.jp/english/lawandplan/1303462.htm>

<sup>48</sup> Shirahase, Sawako. 2000. *Women's Increased Higher Education and the Declining Fertility Rate in Japan*. 48-49

<sup>49</sup> Shirahase, Sawako. 2000. *Women's Increased Higher Education and the Declining Fertility Rate in Japan*. 47-48, 59, 61-62

miklu menntun sem margar konur hafa náð sér í er það ekki trygging fyrir því að þær fái krefjandi og góð störf né að þær fái góða stöðu innan fyrirtækja á almennum vinnumarkaði. Eitt eiga þessar vel menntuðu konur sameiginlegt sem er að þær eru drifnar áfram af þeirri hugsun að þær geti átt góðan starfsframa. Þessar konur trú á því staðfastlega að með góðri menntun megi brjóta á bak allar þær samfélagslegu hindranir sem konum hafi verið settar í gegnum tíðina og þannig komast inn á svið hins opinbera samfélags<sup>50</sup>.

Síðan snemma á sjöunda áratug síðustu aldar hafa til dæmis þau umskipti orðið í stjórnámálum að konur kjósa alla jafna oftast í kosningum heldur en karlar. Þá eru engar lagalegar hömlur fyrir því að konur geti boðið sig fram. Kjósendur hafa í mun meiri mæli sniðgengið kosningar og vill almenningur sjá breytingar á sviði stjórnmalanna. Konur hafa reynt að nýta sér þessar hugmyndir um breytingar en þörf er fyrir fleiri konur í japanskri pólitík. Árið 1945 höfðu allar konur yfir 20 ára aldri kosningarétt og þær sem höfðu náð 25 ára aldri höfðu kjörgengi. Á síðari hluta tíunda áratugarins varð það sífellt algengara að helstu kvennahreyfingar í Japan ættu konur á framboðslistum. Í kjölfarið fylgdi metþátttaka kvenna í pólitískum framboðum en það átti sér stað 1999. Frá 1995 til 1999 fjölgaði japönskum konum á þingi um heil 43%. Helst stjórnmalapátttaka kvenna í hendur við bætt efnahagslíf en eftir því sem efnahagur og samfélagsleg staða kvenna tók að breytast og batna þá varð aukning á konum á hinu opinbera sviði og þátttöku þeirra í pólitík. Þótt svo að konum fari fjölgandi á sviði stjórnmála í Japan þá þýðir það ekki að raddir þeirra heyrist. Kvenstjórnmalamenn eiga oft við pólitískar þvinganir að stríða þegar kemur að ákvarðanatöku innan flokksins. Hugmyndafræði flokksins sem þær tilheyra þarf að passa við þær skoðanir sem þær láta í ljós auk þess sem málefnið þarf að vera flokknum til gagns. Að sjálfsögðu gildir hið sama um karla en konur sem vilja vekja athygli á stöðu kynsystra sinna í samfélaginu geta það ekki vegna þessara hindranna. Samkvæmt The Human Development Report sem birt var árið 2005 var Japan í 105 sæti af 177 löndum varðandi hlutfall kvenna með setu á lægra pólitísku stigi, svo sem í borgarráði eða bæjarstjórn. Jafnvel þróunarlönd komust þar hærra á lista með fleiri konur í pólitískum stöðum en þar er hægt að nefna sem dæmi Pakistan og Filippseyjar<sup>51</sup>.

---

<sup>50</sup> Spiridon, Veronica Gabriela. 2011. *Women in Japanese Society: Constraint and Fulfillment*. 704

<sup>51</sup> Takao, Yasuo. 2006. *Japanese women in grassroots politics: building a gender – equal society from the bottom up*. 151 - 152

Stjórn málafræðingurinn Robin LeBlanc telur að mismunurinn milli kynjanna á sviði stjórn mála stafi af einhverju öðru heldur en aðeins þeim kynjamismuni sem talið er að hið karllæga innan samfélagsins hafi komið á til að sporna við framgöngu kvenna á því sviði. Hindrun kvenna sé því ekki aðeins vegna ákveðinna ríkjandi samfélagslegra gilda. Sumir fræðimenn hafa haldið fram að konur setji sjálfar upp þær hindranir er standi í vegi fyrir stjórn málaþátttöku þeirra. Þeir hlutir sem taldir eru hafa ýtt undir kynjamismun, svo sem menntun og atvinna, nái ekki að útskýra muninn. Nýrri rannsóknir sýna hins vegar að japanskar konur eru hvorki meira né minna reiðbúnar en karlar til að hafa sig í frammi og láta skoðanir sínar um stjórn mála í ljós. Hinn pólitíski vettvangur þrengi hins vegar að þeim þar sem þær fá ekki jafn mikið rúm til að fóta sig og karlmenn<sup>52</sup>. Kenningar Pateman fara inn á svið stjórn mála en allir þeir samningar sem gerðir hafa verið um ólík hlutverk karla og kvenna innan samfélaga kveða á um hin miklu pólitíku réttindi karla og nefna að þau réttindi séu grunnstoð samfélagsins. Ekki þarf að undrast í ljósi hinna karllægu pólitísku hindrana að konum reynist erfitt að fóta sig í þessum karllæga heimi stjórn mála.

Konur eru hins vegar að brjóta sér leið inn í opinbera geirann sem og að næla sér í ýmsar stjórn málastöður. Konur eru hins vegar mjög fáar í helstu og æðstu stöðum. Til að mynda sátu konur árið 2004 í aðeins um 7,1% þingsæta og 13% ráðherra voru konur. Þessar tölur jukust hins vegar á árunum 2006 til 2011 þegar konur voru flestar og skipuðu 11,3% þingsæta en sú tala lækkaði aftur árið 2012 og var orðin 7,9% árið 2013<sup>53</sup>.

Fyrrum forsætisráðherra Japan, Hashimoto Ryutaro, sagði í ræðu sem hann hélt árið 1997 að það að byggja upp samfélag þar sem kynjajafnrétti ríkir sé ein mikilvægasta samfélagslega umbót sem getur orðið í japönsku samfélagi. Kynjajafnrétti væri því mikilvæg grunnstoð sem þyrfti að vera tekin með í reikninginn í því endurbótaferli sem þyrfti að eiga sér stað innan samfélagsins. Ríkisstjórnin tók þá upp það viðhorf femínista árið 1999 að hið persónulega væri pólitískt. Þar með varð Japan fyrsta asíska ríkið til að innleiða femínisma inn í félagsmálastefnu sína og þar með leitast eftir samfélagi þar sem kynjajafnrétti ræður för. Ríkisstjórnin taldi að hún þyrfti að hafa afskipti af hinu persónulega til að koma mætti í

---

<sup>52</sup> Takao, Yasuo. 2006. *Japanese women in grassroots politics: building a gender – equal society from the bottom up*. 147 - 151

<sup>53</sup> Undata: a world information. 2013. Seats held by women in national parliament, percentage <http://data.un.org/Data.aspx?d=MDG&f=seriesRowID%3A557>

veg fyrir kynjamisrétti<sup>54</sup>. Hið persónulega nær inn á svið einkalífsins en í kenningum Pateman ríkir ákveðin kúgun innan fjölskyldunnar þar sem karlmaðurinn er höfuð hennar en konunni ber að hlýða. Hafa ber í huga að þrátt fyrir að konur séu í miklum metum innan heimilisins í starfi móður og húsmóður þá er það maðurinn sem fer fyrir fjölskyldunni og hefur valdið. Til þess að afnema það mikla vald sem karlar hafa yfir konum þá þarf ríkisstjórnin að brjótast inn á það svið til að afnema kynjamisréttið er þar ríkir.

Margir telja að ein helsta ástæða þess að hið karllæga kynjakerfi haldi áfram að standa í vegi kvenna á sviði hins opinbera samfélags og vilji að þær séu heimavinnandi sé vegna lækkandi fæðingartíðni. Miðað við önnur OECD (e. Organisation for Economic Co-operation and Development) lönd þá hefur þessi þróun verið hvað hröðust í Japan. Árið 2012 fæddust 1.037.101 milljón börn í Japan eða 13.705 færri en árið 2011. Til að viðhalda þjóðinni er miðað við að 2,1 börn skuli vera fædd á hverja konu en í dag er aðeins um 1,26 barn fætt á ævi hverrar konu<sup>55</sup>. Skuldinni er skellt á þær konur sem sækja á vinnumarkaðinn. Kannanir sem ríkisstjórnin hefur látið gera sýna að gífurlega hefur dregið úr því viðhorfi fólks að karlar séu fyrirvinnan og skuli vera útivinnandi og að konu beri að sitja heima fyrir. Þannig var 78% aðspurðra þessarar skoðunar árið 1979 en hlutfallið hafði lækkað í 58% árið 1997. Árið 2004 var hlutfallið orðið 45%. Þrátt fyrir þessa lækkun verður að teljast veikt samband á milli þessara viðhorfa og pólitískrar þátttöku kvenna sem jókst ekki að sama skapi. Engu síður hefur konum í stjórnámálum fjölgað smám saman bæði á þingi sem og í borgum, bæjum og þorpum. Hafði kjörnum konum fjölgað úr 4,9% af fjölda kjörinna árið 1997 í 6,2% árið 1999. Í Tókýó varð aukningin úr 14,3% árið 1998 í 20% árið 1999. Þetta ár náði Uehara Kimiko þeim árangri að verða fyrsti kvenkyns borgarstjórinn í Tókýó. Áður fyrr einkenndist japönsk pólitík af rígg milli áhrifamikilla karla en konur hófu smám saman að ögra þeirri stöðu sem karlar höfðu komið sér upp innan stjórnamála sem og innan samfélagsins. Með aðstoð ríkisstjórnar sem lét undan þrýstingi kvenna og tók málstað þeirra á almennum vettvangi þá tókst konum að bæta stöðuna til muna og koma fleiri konum í framboð. Enn er þó langur vegur eftir<sup>56</sup>.

---

<sup>54</sup> Takao, Yasuo. 2006. *Japanese women in grassroots politics: building a gender – equal society from the bottom up*. 152 - 154

<sup>55</sup> JDP. 2013. *Japan's birthrate drops to 1,03 million, number of deaths keep increasing* <http://japandailynews.com/japans-birthrate-drops-to-1-03-million-number-of-deaths-keep-increasing-0730181/>

<sup>56</sup> Takao, Yasuo. 2006. *Japanese women in grassroots politics: building a gender – equal society from the bottom up*. 154 – 155, 157, 162, 167

Að ofan hefur verið farið í skólagöngu kvenna allt frá sögulegum tímum og rætt um það misrétti sem var. Farið var yfir grunnlög um menntun og hvernig þau áttu sinn þátt í að færa konur nær jafnrétti á skólabekk. Þá er einnig fjallað um hvernig menntun hefur áhrif á samfélagslega hegðun kvenna og hvernig góð menntun getur einnig breytt viðhorfum karla til kynjaskiptingar. Þó er bent á að vegna ýmissa samfélagslegra hafta þá eigi konur enn erfitt með að koma sér á framfæri á hinu opinbera sviði samfélagsins þrátt fyrir góða menntun. Stiklað var á stóru um málefni kvenna innan stjórn mála en ekki eru allir sammála um að mismunur milli kynjanna á sviði stjórn mála sé einungis til kominn vegna hinna karllægu gilda samfélagsins. Ríkisstjórnin er þó í meiri mæli að átta sig á þeim miklu samfélagslegu umbótum sem geta orðið þegar að kynjajafnrétti ríkir. Þá er einnig minnst lauslega á ört lækandi fæðingartíðni og hvernig hún spilar inn í hinar ýmsu samfélagslegu hömlur sem settar eru konum þrátt fyrir góða menntun þeirra. Í næsta kafla er farið yfir atvinnulífið í Japan þar sem gildi karla eru í hærra metum en kvenna þrátt fyrir tvöfalda ábyrgð er þær gegna, bæði hvað varðar vinnumarkaðinn en síðan hlutverk þeirra innan fjölskyldunnar. Leitast verður við að skilja hvers vegna hömlur gegn konum hafa orðið til innan fyrirtækja og hvers vegna konur sinna frekar láglaunastörfum. Þá verður einnig aðeins minnst á hvernig mismunandi menntun kynjanna gæti haft áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði.

## 5. Atvinnulíf

Japan er samfélag þar sem gildi karlanna er enn í hærra metum en kvenna. Að sama skapi eru konur undirgefnar mönnum bæði samfélagslega og fjárhagslega. Þá vill hugmyndin um hlutverk kvenna enn í dag staðnæmast við heimilið. Hlutverk kvenna telst þá til húsmæðra og eiginkvenna. Ein ástæða þess að konur eiga erfitt með að fóta sig í atvinnulífinu er vegna þess að yfirmenn fyrirtækja telja konur ekki sækjast eftir jafn miklum og góðum starfsframa og karlar vegna skuldbindingar þeirra gagnvart fjölskyldu. Þá skiptir ekki máli hver staða kvenna á atvinnumarkaði er, það er þeirra hlutverk að sjá um heimilið<sup>57</sup>. Þrátt fyrir þau viðmið samfélagsins að konum beri að vera heima þá sýnir ný skýrsla um kynjaskiptingu í heiminum (e. The Global Gender Gap Report) að um 63% japanskra kvenna tekur þátt í atvinnulífinu en 85% karla þannig að enn er töluverður munur á<sup>58</sup>. Ný kynjaskipting hefur orðið til í nútíma japönsku samfélagi þar sem konur hafa tvöfalda ábyrgð á við karlmenn. Á meðan karlmenn þurfa aðeins að sinna vinnu sinni í atvinnulífinu þá er það á ábyrgð kvenna að sinna vinnu sinni í atvinnulífinu auk þess að sjá um flest, ef ekki öll, dagleg heimilisstörf. Sést þessi nýja kynjaskipting best á könnun sem var gerð á 350 heimilum á höfuðborgarsvæðinu í Japan. Niðurstöður gáfu til kynna að konur sem vinna fulla vinnu sjá að auki um 82% af heimilisverkum á meðan eiginmenn þeirra sinna aðeins um 5% heimilisverka. Konur sem vinna í hlutastarfi sjá um 90% heimilisstarfa og karlar þeirra um 4% og þær konur sem eru starfandi húsmæður sjá um 93% heimilisstarfa meðan eiginmenn þeirra sinna aðeins um 2%<sup>59</sup>. Áhugavert er að sjá þessar tölur ef tekið er tillit til rannsóknar Hochschild sem vísað er til í kenningaflaumum. Konur eru oftast miðpunktur heimilisins meðan karlar sinna aðeins örfáum atriðum er tengjast rekstri heimilsins. Þá skiptir litlu máli hversu jafnt kynin telja sig vera að deila húsverkum eða ekki, heimilishald í Japan byggir á því að konan sjái um heimilið á meðan karlar aðstoða lítið sem ekkert.

Margir hafa haft orð á því hvers vegna skipting atvinnulífsins í Japan er eins og hún er. Þrátt fyrir allar þær mismunandi ástæður sem taldar eru stuðla að misskiptingunni má finna svipaðan grunn í þeim. Margir telja að til að skilja stöðu kvenna á vinnumarkaði þurfi að skilja

---

<sup>57</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2259 – 2260

<sup>58</sup> World Economic Forum. 2013. *Global Gender Gap Report*. 49  
[http://www3.weforum.org/docs/WEF\\_GenderGap\\_Report\\_2013.pdf](http://www3.weforum.org/docs/WEF_GenderGap_Report_2013.pdf)

<sup>59</sup> Shangbo, Li. 2012. *Study on the Employment of Female College Graduates in an Age of Employment Equality*. 33

til hlítar efnahagslega stöðu Japans, vinnumarkaðinn sjálfan, stofnanir innan samfélagsins og ráðandi gildi samfélagsins. Staða og þátttaka kvenna í atvinnulífinu er þá ekki aðeins skýrð með nákvæmri lýsingu á stofnunum og aðilum innan þessara stofnana heldur einnig, og þá kannski helst, vegna samfélagslegra og menningarlegra skilyrða sem eru grundvöllur framþróunar kvenna í atvinnulífi<sup>60</sup>. Ýmsir hafa bent á að hið karllæga vald innan samfélagsins gæti að hluta til hafa náð að festa rætur í stofnunum og fyrirtækjum innan þess og þar af leiðandi búið til ákveðnar hugmyndafræðilegar hömlur gegn konum. Aðrir benda á atriði innan stofnana sem gætu heft framgöngu kvenna innan þeirra. Þau atriði felast þá í því hver uppbygging stofnananna sjálfra er, aðstæðum og reglum vinnumarkaðarins, menntun kvennanna auk ráðandi samfélagslegra gilda. Helsti þátturinn, og sá þáttur sem nefndur er í öllum tilvikum þegar talað er um hömlur kvenna á vinnumarkaði, liggur í samfélagslegum gildum. Sama hversu hæfar konur eru í vinnu þá væru ótal samfélagslegir þættir sem ýmist græfu undan þátttöku þeirra í atvinnulífinu eða ýttu undir þátttöku þeirra en þá aðeins á láglaunasviðum<sup>61</sup>. Walby lítur þannig á að kynjakerfið eða feðraveldið sé byggt á margvíslegum kerfislegum fyrirbærum er innihalda venjur sem fela í sér kúgun kvenna. Þó svo að konur séu ekki lengur útilokaðar frá samfélagsþátttöku eru enn karllæg yfirráð innan þess sviðs er byggja á undirskipan og aðgreiningu. Undirskipanin sem hið karllæga samfélag leitast eftir er þá að hindra konur alveg frá aðgangi að vinnumarkaði og launaðri vinnu. Aðgreiningin hefur þá það að markmiði að skilja konur frá störfum karla og flokka konur undir karla svo að áhrif hafi á laun og stöðu. Konur eru þá gjarnan í lægri stöðum en karlar þrátt fyrir að báðir aðilar séu jafnhæfir<sup>62</sup>.

Japan er í stöðugri þróun og er undir sífelld meiri áhrifum frá hinum vestræna heimi. Þessi vestrænu gildi eiga þó erfitt með að brjótast inn á samfélagslega og menningarlega sviðið. Helstu menningarlegu gildin liggja í karllægum völdum en enn er talið betra að eignast syni en dætur. Þrátt fyrir þessa mótstöðu eru konur í Japan í sífelld meiri mæli að horfa til hins vestræna heims og stöðu kvenna þar. Þær nýta sér þá fyrirmynd og berjast fyrir að koma sjálfum sér inn á vinnumarkaðinn og þar með breyta hinum gömlu gildum sem þær búa enn

---

<sup>60</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2249-2250

<sup>61</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2250

<sup>62</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Katrín Björg Ríkarðsdóttir. „Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði“. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. (Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 2012) <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/010.pdf> 1, 3 – 4



við<sup>63</sup>. Þrátt fyrir baráttu kvenna við að koma sér inn í atvinnulífið þá enda þær oftast en ekki í lágláunavinnu með lítið atvinnuöryggi<sup>64</sup>. Það að ná að brjóta á bak aftur hin karllægu gildi innan samfélagsins um að konur eigi ekki heima í atvinnulífinu er því ekki nóg og koma þarf að nýjum gildum þar sem karlar og konur eru metin til jafns.

Það eru þó ekki aðeins karllæg yfirráð og menningarleg karllæg gildi sem hindra þátttöku kvenna í atvinnulífinu. Annars vegar er það aldur og hins vegar gifting og í framhaldinu barneignir kvenna. Hið síðara tengist þó gömlum samfélagslegum gildum. Atvinnuþátttaka kvenna í Japan er fremur há hjá ungum konum sem eru ógiftar og barnlausar. Þær konur sem gifta sig og fara tímabundið af vinnumarkaði mega búast við því að snúa aftur í lægri stöður en þær höfðu áður áunnið sér. Þessar konur eru skilgreindar sem vinnuafli í hlutastarfi þar sem þær njóta hvorki sama starfsöryggis né hafa sömu atvinnutækifæri og karlmenn í fullri vinnu. Þessar konur eru því líklegri til að snúa ekki aftur til vinnu eftir giftingu og barnsburð. Hafi þær hins vegar fjölskyldu á bak við sig til stuðnings, þar sem foreldrar þeirra geta hugsað um börnin, er líklegra að þær snúi aftur til vinnu heldur en þær sem lenda í því að þurfa að hugsa um eldri meðlimi fjölskyldunnar<sup>65</sup>.

Staða japanskra kvenna tók stakkaskiptum á tímum fyrri og seinni heimsstyrjaldarinnar þegar þær neyddust til að fara út á vinnumarkað hvort sem þeim líkaði betur eða verr. Eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk fækkaði konum nokkuð á vinnumarkaði og aðallega konum á barneignaraldri. Þeim fækkaði ört þegar þær nálguðust þrítugsaldurinn en þegar konur náðu 35 ára aldri þá tók þeim að fjölga aftur á vinnumarkaði. Margar þeirra ákváðu að koma aftur inn í atvinnulífið þegar fjölskyldan hafði verið stofnuð. Á síðari hluta áttunda áratugarins var það orðið svo að margir atvinnurekendur voru farnir að hvetja miðaldra konur til að fara aftur á vinnumarkaðinn sem starfskraftar í hlutastarfi. Ástæða þessa var mikil eftirspurn eftir vinnuafli en einnig þau lágu laun sem atvinnurekendur komust upp með að borga konum. Þetta varð hins vegar þess valdandi að fjöldi þeirra fjölskyldna þar sem báðir foreldrar voru launþegar jókst. Hinu hefðbundna kynjahlutverki var ögrað þar sem konur voru að brjótast út úr staðalímyndinni og koma sér inn á hið opinbera karllæga svið

---

<sup>63</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2253

<sup>64</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2254

<sup>65</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2255

samfélagsins<sup>66</sup>. Hinar efnahagslegu breytingar sem urðu þess valdandi að konur hófu að sækja á vinnumarkaðinn stuðluðu þannig að breytingum innan samfélagsins og því á kynjakerfinu sjálfu.

Konur eru enn eftirsóttir starfskraftar vegna þeirra launa sem atvinnurekendur komast upp með að greiða fyrir vinnu þeirra. Kynbundinn launamunur viðgengst í Japan þar sem konur fá um helmingi lægri laun en karlar miðað við heildarlaun en sá munur er oftast ekki meiri. Þrír þættir eru taldir vera ein helsta ástæða þessa kynbundna launamunar sem konur í Japan mega búa við. Í fyrsta lagi er launamunurinn talinn stafa af því starfshléi sem konur taka við barnsburð og giftingu. Í öðru lagi er hann vegna ríkjandi kynbundins starfsframa þar sem konur eru gjarnan í lakari stöðum en karlar. Í þriðja lagi eru konur veikari þegar kemur að samningsgerð milli þeirra og atvinnurekenda þar sem konur sætta sig frekar við léleg vinnuskilyrði í stað þess að krefjast fullra starfsréttinda og mikils starfsöryggis. Atvinnurekendur ráða konur frekar í hlutastörf þar sem algengt er að þær fái aðeins um 60-70% af þeim launum sem að kona í fullri vinnu með full réttindi fær. Kona með full réttindi fær hins vegar aðeins um helming af launum sambærilegs karlmanns þannig að gífurlegur launamunur er þarna á milli<sup>67</sup>. Annar þáttur sem hefur áhrif á launamun kynjanna er svokallað Neko kerfi. Þetta kerfi er aðeins ætlað karlmönnum en þar eru starfsmenn verðlaunaðir fyrir langa þjónustu og góð störf í þágu fyrirtækisins. Af sama meiði er kerfi sem byggir á aldri. Því eldri sem starfsmaður er þeim mun betri laun og betri stöðu hlýtur hann. Konur eru útilokaðar frá þessu kerfi hvort sem þær eru í hlutastarfi eða fullri vinnu. Þetta eykur enn á launamuninn<sup>68</sup>.

Samkvæmt mannauðskeningunni (e. the Human Capital Theory) er menntun mikilvægur þáttur í því að ákvarða getu einstaklings til vinnu og hversu mikilla tekna sá einstaklingur sé fær um að afla sér. Því hafi slök menntun kvenna á árum áður ollið slæmri stöðu þeirra á vinnumarkaði. Í japönsku nútímasamfélagi hafur staða kvenna til menntunar breyst til muna. Þessi aukning menntunar kvenna hefur aukið getu kvenna en þrátt fyrir það hvorki aukið þátttöku né bætt stöðu þeirra innan fyrirtækja. Þá hefur aukin menntun ekki heldur stuðlað að lækkun á kynbundnum launamun. Þá vilja margir meina að ástæða þess að

---

<sup>66</sup> Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. *Rethinking The Roles of Japanese Women*. 314 - 315

<sup>67</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2255 – 2256, 2258

<sup>68</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2258

konur standi enn ekki til jafns á við karla sé vegna þeirrar menntunar sem þær kjósi að stunda. Karlar sækja í störf sem séu vel borguð og byggi á verkfræðimenntun eða vísindum meðan konur sækja í menntun sem gefi aðeins tækifæri í láglau nastörf svo sem listfræði, heimilisfræði og hugvísindi<sup>69</sup>. Atvinnurekendur eiga einnig stóran þátt í því að viðhalda kynjaskiptingunni á vinnumarkaði með því að ráða konur í lakari stöður og karla í betur borguð störf. Þeir neita oft að ráða eldri konur og ganga jafnvel svo langt að þrýsta á konur að fara á eftirlaun þegar þær gifta sig eða verða óléttar. Til að reyna að bæta úr þessu misrétti í atvinnulífnum hefur ríkisstjórn Japans þurft að bregðast við með lögum og reglum. Helsti vandinn er að þrátt fyrir ýmis lög sem sett hafa verið til að afnema misrétti þá er það enn til staðar í samfélagslegum stöðum í samfélagsgerðinni<sup>70</sup>.

Árið 1985 voru sett á lög um jöfn tækifæri (e. Equal Opportunity Act) en þau tóku gildi í apríl 1986. Lögin kváðu á um aðlögun annarra japanskra laga, með tilliti til japansks samfélags á þeim tíma, til að þau yrðu sambærilegri lögum og reglum Sameinuðu þjóðanna. Þessi lög kváðu þó engan vegin á um bann við kynjamisrétti heldur aðeins að fólk skyldi leggja sig fram um að mismuna ekki konum í japönsku samfélagi. Gallinn við þessi lög voru þá aðallega að taka ekki tillit til hversu erfitt og mikið verk fælist í því að breyta hugsun hins karllæga samfélags og hins karllæga valds innan fyrirtækja en þær breytingar geta ekki átt sér stað í einu vettvangi<sup>71</sup>.

Helstu lögin sem sporna áttu við misrétti gagnvart konum á vinnumarkaði voru sett árið 1986 og kallast í daglegu tali EEOL um jöfn tækifæri kynjanna á vinnumarkaði (e. Equal Employment Opportunity Law). Þau kveða á um að sama sé af hvoru kyni aðili er, reynt skuli að láta konur eiga sama rétt til atvinnu og atvinnutækifæra og karlar. Margir fræðimenn telja að þessi lög séu aðeins til komin vegna alþjóðlegs þrýstings fremur en vegna breyttra viðhorfa innan hins japanska samfélags. Lögin hafa einnig verið gagnrýnd fyrir að reiða sig um of á samfélagið og þá fúsan og frjálstan vilja fólks til að leiðrétta mismuninn í stað þess að beita þvingunarvald ríkisstjórnar<sup>72</sup>. Þessi lög voru endurskoðuð árið 1997 og tóku gildi 1999.

---

<sup>69</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2259

<sup>70</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2260 – 2261

<sup>71</sup> Shangbo, Li. 2012. *Study on the Employment of Female College Graduates in an Age of Employment Equality*. 33-34

<sup>72</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2261, 2263

Lögin frá 1986 höfðu kveðið á um skyldu manna til að reyna að binda enda á kynjamismunun en nýju lögin kváðu á um algert bann við kynjamisrétti. Að auki var skrifaður undirkafla sem lagði bann við kynferðislegri áreitni. EEOL lögin voru endurskoðuð á nýjan leik árið 2006 en þær breytingar tóku gildi árið 2007. Þessi síðasta endurskoðun EEOL leiddi af sér að hvorki má mismuna konum né körlum á vinnumarkaði. Að auki bættust við atriði í undirkafla. Enn var lagt bann við kynferðislegri áreitni en styrktur var sá réttur kvenna til að njóta verndar gagnvart aðilum á vinnumarkaði ef upp kæmi sú staða að þær þyrftu að sinna móðurhlutverkinu. Þá var einnig kveðið á um fjárhagslegar refsingar gagnvart fyrirtækjum sem uppfylltu ekki reglur um heilsugæslu fyrir verðandi mæður. Má geta þess að könnun sem vinnumálaráðuneyti Japan gerði árið 1981 leiddi í ljós að yfirmenn fyrirtækja neituðu konum almennt um hin ýmsu atvinnutækifæri vegna þess í hve stuttan tíma þær næðu að vinna alla jafna innan fyrirtækja áður en þær færu á eftirlaun vegna giftinga og barnsburðar<sup>73</sup>. Mjög fróðlegt er að líta á niðurstöður þessarar könnunnar í tilliti til þess að konur eru aðeins á vinnumarkaðnum þar til að þær eru oftast en ekki beittar þrýstingi frá yfirmönnum sínum til að fara á eftirlaun við giftingu og barnsburð eins og áður hefur komið fram. Þannig er það oft gegn vilja þeirra að fara á eftirlaun. Ætla mætti að ákveðin þversögn felist í hugsun yfirmanna í Japan.

Eftir EEOL fóru hjólin í málefnum kvenna að snúast og næstu ár jukust réttindi þeirra. Þá voru aðstæður þeirra til sífellt meiri umfjöllunnar. Til að sporna við misrétti í hlutverkaskiptingu kynjanna innan fyrirtækja vegna barnsburðar voru settar á reglur árið 1991. Þessar reglur eru sambærilegar hinu íslenska mæðra- og feðraorlofi en þau fólu í sér að bæði karlar og konur hefðu þann kost að geta tekið frí frá vinnu til að hugsa um og ala upp barn fram að fyrsta afmælisdegi þess. Í desember árið 1992 bjó ríkisstjórnin til nýtt ráðherraembætti sem hafði það hlutverk að sjá um hin ýmsu málefni kvenna. Í júlí 1994 var stofnað jafnréttisráð (e. the Council of Gender Equality) og þá sem hluti af forsætisráðuneytinu í Japan. Árið 1995 var kerfi um ummönun barna og fjölskyldu (e. Child Care and Family Care leave Act) lögleitt en í því fólst að taka mætti sér frí frá vinnu ef aðstæður innan fjölskyldu krefðust þess til dæmis ef meðlimur fjölskyldu veiktist eða lést. Þessi lög voru svo endurskoðuð og endurnýjuð árið 2004. Lögin voru aftur endurskoðuð árið 2009 og tóku gildi árið 2010 og þá með þeim breytingum að karlar hefðu sama rétt og konur

---

<sup>73</sup> Shangbo, Li. 2012. *Study on the Employment of Female College Graduates in an Age of Employment Equality*.

til að taka sér leyfi frá vinnu ef aðstæður krefðust. Engar nákvæmar tölur eru þó til um nýtingu feðra í Japan af þess konar orlofi. Könnun sem var framkvæmd árið 2008 um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu (e. Basic Survey of Gender Equality in Employment Management) tók fyrir úrtak þar sem skoðuð voru 7.324 fyrirtæki með fimm eða fleiri starfsmenn. Feðraorlof, eins og þekkist í hinum vestræna heimi, er ekki lögskipað en til er svipað orlof sem 36% þessara fyrirtækja buðu upp á. Þetta er leyfi vegna barnshafandi maka (e. Leave for childbearing spouse). 91,7% þessara fyrirtækja buðu starfsmönnum upp á þetta ólögbundna orlof í einn til fimm daga, 82,8% fyrirtækjanna útveguðu þetta leyfi á fullum launum en 4,2% fyrirtækjanna útveguðu þetta leyfi þar sem starfsmenn fengu aðeins hluta af launum sínum á meðan leyfinu stóð. Karlar fá þó ekki minna en 50% af upphaflegum launum sínum og ekki meira en 80% á meðan á leyfinu stendur. Á tímabilinu 2007 til 2008 þegar könnunin var framkvæmd kom í ljós að aðeins um 55,6% karla nýttu sér þetta leyfi<sup>74</sup>. Lög um samfélagslegt jafnrétti kynjanna tók í gildi árið 1999. Komið var á fót jafnréttisskrifstofu árið 2001 og árið 2003 voru ný lög um aukin úrræði til að styðja við uppeldi á næstu kynslóð (e. the Act on Advancement of Measures to Support Raising the Next Generation) samþykkt<sup>75</sup>. Þá hafa einnig verið stofnaðar margar verkalýðshreyfingar til að styðja við bakið á vinnandi fólki. Þessar hreyfingar hafa því miður ekki náð að vera fulltrúar kvenna í atvinnulífinu enda var þessum hreyfingum sem og öðrum stéttarhreyfingum stjórnað af karlmönnum. Þetta gagnsleysi verkalýðshreyfinga og annarra félaga til að standa sem fulltrúar kvenna á vinnumarkaði hefur þó leitt af sér ýmsar kvennahreyfingar í Japan. Þessar kvennahreyfingar komu fyrst fram á sjöunda áratug síðustu aldar og í fararbroddi voru oftast giftar konur. Ein helsta krafa þeirra var betri vinnuskilyrði fyrir konur innan fyrirtækja<sup>76</sup>.

Í dag er kveðið svo á í japönskum lögum að jafnrétti skuli ríkja meðal kynjanna á vinnumarkaði. Engu síður er vinna kvenna í Japan alla jafna nokkuð öðruvísi en kvenna í iðnvæddum löndum. Flestar eru fremur illa launaðar, fáar þeirra eru færar um að klifra upp metorðastigann innan fyrirtækja og að auki fá þær litla sem enga þjálfun á vinnustað. Margar konur hafa brugðið á það ráð að leita sér lagalegrar aðstoðar vegna þess mismununar sem þær verða fyrir á vinnustað. Sumir telja að konur notfæri sér dómstóla í sífellt meiri mæli

---

<sup>74</sup> Moss, Peter (Ed.). 2012. *International Network On Leave Policies And Research*. 174, 177 – 178

<sup>75</sup> Shangbo, Li. 2012. *Study on the Employment of Female College Graduates in an Age of Employment Equality*. 34-35

<sup>76</sup> Cooke, Fang Lee. 2010. *Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea*. 2262, 2265-2267

vegna þess að dómstólar séu eina leiðin til þess að konur geti fengið lagalegum rétti sínum framgengt. Aðrir segja að þær konur sem lenda í þeirri aðstöðu að hverfa af vinnumarkaði vegna þess að þeim er sagt upp eða þær taldar á að fara á eftirlaun eigi auðveldara með að fara í mál gegn fyrrum vinnuveitendum heldur en þær konur sem eru enn á launaskrá<sup>77</sup>.

Atvinnulífið er fremur erfiður staður fyrir japanskar konur og þá einkum vegna ýmissa karllægra samfélagslegra gilda sem enn eru í nútíma samfélagi. Þær þurfa ekki aðeins að berjast um frama á hinu opinbera sviði, komist þær svo langt, heldur hafa þær tvöfalda ábyrgð á við karla. Sú síðari er á sviði einkalífsins enda er það enn í verkahring konunnar að sjá um heimilið og börnin. Í kaflanum voru taldar upp helstu hindranir er standa í vegi kvenna en þær hafa flestar orðið til vegna hins karllæga valds samfélagsins. Því hefur tekist að festa rætur í stofnunum og fyrirtækjum innan samfélagsins og þannig búið til hugmyndafræðilegar hömlur gegn konum. Komist konur inn á vinnumarkað lenda þær oft en ekki í láglaunastöðum, ekki vegna lágs menntunarstigs, heldur vegna þess að yfirmenn þeirra komast upp með að borga þeim lág laun. Þær eru því eftirsóttir starfskraftar en aðeins í ákveðnar stöður. Kaflinn minnst einnig á Equal Opportunity Act og EEOL sem stuðla áttu að sömu atvinnutækifærum kynjanna en þrátt fyrir ýmis lög og reglugerðir tekst stjórnendum fyrirtækja að koma sér undan þessum ákvæðum. Atvinnulífið í Japan er því enn langt frá því að taka konum opnum örmum og bjóða þeim sömu tækifæri og körlum.

---

<sup>77</sup> Tamanoi, Mariko Asano. 1990. *Women's Voices: Their Critique of the Anthropology of Japan*. 25, 27

## 6. Lokaorð

Í byrjun þessarar ritgerðar var ætlunin að athuga hver staða kvenna væri í japönsku nútímasamfélagi og þá hvort gamlar „klisjur“ um stöðu kvenna ættu enn við rök að styðjast. Gerð var grein fyrir tveimur mismunandi kenningum tveggja mismunandi fræðimanna og þær heimfærðar yfir á meginsvið ritgerðarinnar. Kenningar Sylvíu Walby gefa hvað besta mynd af hinu japanska nútímasamfélagi. Hún gerði grein fyrir því að hið félagslega yfirráðakerfi karla, kynjakerfið, tengdist feðraveldinu og væri ríkjandi bæði á sviði einkalífsins sem og á sviði hins opinbera samfélags. Þessi grundvallarkenning á enn við um samfélagið í Japan. Varðandi atvinnulíf þá skiptir þar einna mestu máli lögmál markaðarins. Þar segir að kynbundið misrétti jafnist út þegar menntun, starfsreynsla og aðrir persónulegir hæfnisþættir eru orðnir hinir sömu hjá konum og körlum. Samkvæmt Walby þá er enn misrétti þrátt fyrir sífellt aukna menntun meðal kvenna í Japan. Misréttið sé því tilkomið vegna karllægs kynjakerfis en fræðilega hefur verið sýnt fram á að nán tengsl séu milli einkalífsins og atvinnulífsins og þá hvernig ráðandi vinnumenning er sniðin að þeim einstaklingum sem ekki þurfa að axla fjölskylduábyrgð. Konur í Japan fá því mjög sjaldan tækifæri til að klífa metorðastigann innan fyrirtækja. Hinar ríkjandi hugmyndir innan hins Japanska samfélags um stöðu kvenna á sviði einkalífsins annars vegar og á hinu opinbera sviði samfélagsins hins vegar eru enn í fullu gildi. Hochschild sýnir fram á að karlar aðstoði ekki mikið heima fyrir. Þeir sinna hvorki húsverkum né hjálpa til við uppeldi barna en þannig er staðan í hinu japanska samfélagi. Meðan konur streitast á móti kerfinu og reyna að koma sér að á vinnumarkaði þá þurfa þær einnig að vera í fullu starfi heima fyrir.

Carole Pateman talaði um hvernig samningar fjölluðu um ólíka samfélagslega stöðu kynjanna og byggðu á hugmyndum um mismunandi hlutverk þeirra innan samfélagsins. Eins og fram kom í ritgerðinni er kyn lærd hegðun og sýnir Pateman hvernig karlar hafa notfært sér náttúrulegan styrk sinn til að ná yfirráðum yfir konum. Þeir fræðimenn sem Pateman gagnrýnir halda því fram að ekki sé hægt að neyða einstaklinga til einhvers þar sem að báðir aðilar ráði yfir sér og sínum eignum þar sem þeir séu einstaklingar. Engu síður er það svo að konur þurfa að sætta sig við aðstæður á vinnumarkaði í Japan sem vart væru boðlegar í vestrænum nútímasamfélögum. Eins og fram kom í kenningum Pateman einblíndu fyrri fræðimenn ekki á konur og gengu jafnvel svo langt að telja þær ekki til einstaklinga. Pateman gagnrýnir þessar staðhæfingar.

Í Japan ræðst staða kvenna enn einkum af stöðu eiginmannsins. Konur eru því ekki metnar að eigin verðleikum, að minnsta kosti á sviði hins opinbera samfélags. Þrátt fyrir ýmsar hömlur eru konur þó að brjótast undan þeirri staðalímynd sem þær hafa búið við í svo langan tíma. Þó svo að menntun kvenna hafi aukist og þær leiti í sífellt meiri mæli út fyrir vegg heimilisins þá er enn langt í land og enn geta þær ekki talist valdamiklar innan samfélagsins. Þó hefur nokkrum þeirra tekist að komast í stjórnarstöður. Sá galli sem helst hrjáir japanskt samfélag er það millstig sem það virðist fast á. Það virðist þannig fast á milli menningalegrar arfleiddar annars vegar og hins nýja félagslega umhverfis hins vegar. Ekki er vitað hvernig best sé að færa hin nýju gildi inn í samfélagið án þess að glata fornri arfleidd. Hugmyndafræðin sem einkennir samfélagið segir að konum beri að vera heima og ala börn en raunveruleikinn er allt annar. Hugmyndafræðin byggir því á gömlum og úreltum viðmiðum. Þrátt fyrir þetta tekst valdamönnum samfélagsins að halda í hið karllæga þar sem ákveðin misskipting ríkir á hinu opinbera sviði samfélagsins. Möguleg ástæða þess að karlar reyni að halda konum innan sviðs einkalífsins er lág fæðingartíðni í Japan. Hún er lægri en hjá öðrum OECD þjóðum og Japan er því orðið að gömlu samfélagi. Þrátt fyrir lægri fæðingartíðni en áður þarf ekki að einskorða hlutverk kvenna við svið einkalífsins og mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á lögum til að bæta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Hinar gömlu „klisjur“ standast ekki lengur og viðhorfið gagnvart konum er sífellt að breytast. Breytingarnar eru þó hægar og er langt þar til að japanskar konur komast á sama stall og kynsystur þeirra á Vesturlöndum.

Þau atriði sem tekin hafa verið fyrir í ritgerðinni rista ekki djúpt þegar skoðað er svo viðamikil efni sem hér um ræðir. Sjálf hefði ég mikinn áhuga á að taka persónuleg viðtöl við japanskar konur til að skilja afstöðu þeirra til hins japanska samfélags sem og þeirra væntinga sem ætlast er til af þeim á sviði einkalífsins. Af samskiptum mínum við japanskar vinkonur má helst skilja að þær vilji flytjast frá Japan. Sú skoðun gæti verið til komin vegna samfélagslegra aðstæðna eða einhvers annars sem enn hefur ekki litið dagsins ljós. Staða kvenna í hinu japanska samfélagi er mjög áhugaverð en það er margt sem Vesturlandarbúum gæti þótt erfitt að skilja enda gífarlegur menningarmunur. Áhugavert væri að fylgjast betur með þróun kvenna á hinu opinbera sviði í Japan og hvort þeim muni bjóðast fleiri tækifæri á næstu árum á vinnumarkaði vegna síaukinnar menntunar. Samfélagið hefur enn mikil áhrif á stöðu kvenna og er hún tiltölulega langt frá því að geta talist jafn góð og staða karla í Japan. Erfitt er að sjá að þetta muni breytast í nánustu framtíð nema til róttækari aðgerða komi af hálfu jafnréttissinna auk annarra hagsmunaaðila sem vegi að hinum gömlu samfélagslegu gildum.



## Heimildaskrá

- Cooke, Fang Lee. 2010. „Womens' participation in employment in Asia: a comparative analysis of China, India, Japan and South Korea“, í *The International Journal of Human Resource Management*, 21 (12), 2249–2270 [Sótt 24. September 2013]
- Coulmas, Florian. 2008. „The Quest For Happiness in Japan“. *Deutsches Institut Für Japanstudien*. 9 [http://www.dijtokyo.org/publications/WP0901\\_Coulmas.pdf](http://www.dijtokyo.org/publications/WP0901_Coulmas.pdf) [Sótt 5. janúar 2014]
- Dore, Ronald P. 2011. *Education in Tokugawa Japan*, „Vol. 33“. Bandaríkin; Routledge
- Grabowski, Richard; Self, Sharmistha. 2008. “Examining The Link Between Japan's Development And Education Of Females”, í *Pacific Economic Review*, hefti 13(3), 279 – 288. Blackwell Publishing. DOI: 10.1111/j.1468-0106.2008.00407.x [Sótt 1. september 2013]
- Hane, Mikiso. 1988. *Reflections on the Way to the Gallows: Rebel Women in Prewar Japan*. England; University of California Press
- Hochschild, Arlie Russell. 2003. *The Second Shift*. Bandaríkin; Penguin Group Inc.
- Hsia, Hsiao-Chuan; Scanzoni, John. H. 1996. “Rethinking The Roles of Japanese Women”. *Journal of Comparative Family Studies*, hefti 27 (2). 309 – 329 [Sótt 10. nóvember 2013]
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Katrín Björg Ríkarðsdóttir. 2012. „Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði“. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/010.pdf> [Sótt 29. desember 2013]
- Japan-Guide. 2008. “Buddhism”. <http://www.japan-guide.com/e/e2055.html> [Sótt 29. desember 2013]
- Japan-Guide. 2002. “Confucianism”. <http://www.japan-guide.com/e/e2300.html> [Sótt 29. desember 2013]
- Japan-Guide. 2002. “Edo Period (1603 – 1867)”. <http://www.japan-guide.com/e/e2128.html> [Sótt 29. desember 2013]
- Japan-Guide. 2011. “History Overview”. <http://www.japan-guide.com/e/e2126.html> [Sótt 1. janúar 2014]

- JDP. 2013. *Japan's birthrate drops to 1,03 million, number of deaths keep increasing*. <http://japandailynews.com/japans-birthrate-drops-to-1-03-million-number-of-deaths-keep-increasing-0730181/> [Sótt 1. janúar 2014]
- Ministry of Education, Culture, Sports, Science and Technology Japan. Ár úppgefið. *Education*. <http://www.mext.go.jp/english/introduction/1303952.htm> [Sótt 30. ágúst 2013]
- Ministry of Education, Culture, Sports, Science and Technology Japan. Ár úppgefið. *The Basic Act of Education*. <http://www.mext.go.jp/english/lawandplan/1303462.htm> [Sótt 30. ágúst 2013]
- Moss, Peter (Ed.). 2012. „International Network On Leave Policies And Research“. *International Network On Leave Policies And Research*. Institute of Education University of London. 1 – 289 [http://www.leavenetwork.org/fileadmin/Leavenetwork/Annual\\_reviews/2012\\_annual\\_review\\_october.pdf](http://www.leavenetwork.org/fileadmin/Leavenetwork/Annual_reviews/2012_annual_review_october.pdf) [Sótt 26. desember 2013]
- Okuda A. „The Conflict of Tradition and Modernity“ í *Women and Religion in Japan*. Ritstjórar Okuda Akiko og Okano Haruko. 103 – 125. Þýskaland: Otto Harrassowitz Verlag, 1998
- Pateman, Carole. 1988. *The Sexual Contract*. Bretlandi; T. J. Press (Padstow) Ltd.
- Shangbo, Li. 2012. „Study on the Employment of Female College Graduates in an Age of Employment Equality“, í *The Japanese Economy*, hefti 39 (3), tölublað 1944 – 7256, 30–48. DOI: 10.2753/JES1097-203X390302 [Sótt 24. september 2013]
- Shirahase, Sawako. 2000. „Women's Increased Higher Education and the Declining Fertility Rate in Japan“, í *Review of Population and Social Policy*, No. 9, 47–63 [Sótt 1. september 2013]
- Sievers, Sharon. L. 1983. *Flowers in Salt: The Beginnings of Feminist Consciousness in Modern Japan*. Stanford í Kaliforníu; Stanford University Press
- Spiridon, Veronica Gabriela. 2011. „Women in Japanese Society: Constraint and Fulfillment“, í *Economics, Management, and Financial Markets*, hefti 6 (2), tölublað 1842 – 3191, 703 – 709 [Sótt 10. nóvember 2013]
- Takao, Yasuo. 2006. „Japanese women in grassroots politics: building a gender – equal society from the bottom up“, í *The Pacific Review*, hefti 20 (2), 147 – 172. DOI: 10.1080/09512740701306790 [Sótt 10. nóvember 2013]

Tamanoi, Mariko Asano. 1990. "Women's Voices: Their Critique of the Anthropology of Japan" í *Annual Review of Anthropology*. Hefti 19. 17 – 37. Iowa City; Department of Anthropology. [Sótt 10. nóvember 2013]

UN Data: a world information. 2013. *Seats held by women in national parliament, percentage*. <http://data.un.org/Data.aspx?d=MDG&f=seriesRowID%3A557> [Sótt 3. nóvember 2013]

World Economic Forum. 2013. *Global Gender Gap Report*. [http://www3.weforum.org/docs/WEF\\_GenderGap\\_Report\\_2013.pdf](http://www3.weforum.org/docs/WEF_GenderGap_Report_2013.pdf) [Sótt 5. janúar 2014]

Þorgerður Einarsdóttir. 2006. „Kynjakerfið Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli?“ Í *Rannsóknnum Í Félagsvísindum VII*, ritstjóri Úlfar Hauksson, 445 – 456. Reykjavík; Félagsvísindastofnun